



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

2. febrúar 2023

Mál nr. E-3514/2021:
Stefnandi: Lyfjablóm ehf.
(*Jón Þór Ólason lögmaður*)

Stefndu: Birkir Kristinsson
(*Ólafur Eiríksson lögmaður*)
Stefán Bergsson og PricewaterhouseCoopers ehf.
(*Kristín Edwald lögmaður*)
Sólveig Guðrún Pétursdóttir
(*Ragnar Halldór Hall lögmaður*)
Glitnir HoldCo ehf., til réttargæslu
(*Ragnar Björgvinsson lögmaður*)

Dómarar: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari
Þorsteinn Magnússon héraðsdómari
Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 2. febrúar 2023, í máli nr. E-3514/2021:

Lyfjablóm ehf.

(Jón Þór Ólason lögmaður)

gegn

Birki Kristinssyni

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Stefáni Bergssyni og PricewaterhouseCoopers ehf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Sólveigu Guðrúnu Pétursdóttur

(Ragnar Halldór Hall lögmaður)

og

Glitni HoldCo ehf. til réttargæslu

(Ragnar Björgvinsson lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 8. desember 2022, höfðar félagið Lyfjablóm ehf., kt. [...], með stefnu birtri 18. júní 2021 á hendur Birki Kristinssyni, kt. [...], Stefáni Bergssyni, kt. [...], PricewaterhouseCoopers ehf., kt. [...], og Sólveigu Guðrúnu Pétursdóttur, kt. [...].

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd til þess að greiða honum óskipt (in solidum) 46.000.000 kr. með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 29. júní 2017 til 29. júlí 2021 og með dráttarvöxtum skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefndu.

Hver stefndi um sig krefst sýknu af dómkröfu stefnanda en til vara lækkunar hennar. Jafnframt krefst hver stefndi um sig málskostnaðar úr hendi stefnanda svo og þess að hann verði dæmdur til þess að greiða sérhverjum stefnda álag á málskostnað.

Réttargæslustefna var lögð fram á dómþingi 31. janúar 2022. Með henni stefndi stefndi Birkir Glitni HoldCo ehf. til þess að gæta réttar síns. Greinargerð réttargæslustefnda var lögð fram 4. mars 2022. Þar eð ekki voru gerðar sérstakar kröfur á hendur réttargæslustefnda gerði hann ekki heldur neinar kröfur í málinu aðra en kröfu um málskostnað.

Málavextir

Ágreiningsefni þessa máls varðar einkum atvik sem gerðust á árunum 2004 og 2008 en sá einstaki atburður sem er tilefni málshöfðunarinnar varð 20. janúar 2005. Þá voru teknar út 46.000.000 kr. af bankareikningi stefnanda, sem hét fram á árið 2008 Björn Hallgrímsson ehf. en heitir nú Lyfjablóm ehf., og færðar á bankareikning félagsins Mercatura ehf.

Málsaðilar

Stefnandi

Stefnandi er einkahlutafélag sem Björn Hallgrímsson stofnaði í lok árs 1999 þótt kennitala þess sé frá janúar 2000. Það var fjölskyldufyrirtæki þannig að hvert fjögurra barna Björns og eiginkonu hans, Áslaug, Kristinn, Emilía Björg, og Sjöfn átti 25% hlut í félaginu og sátu öll í stjórn þess. Það mun ágreiningslaust að samþykki meirihluta stjórnar þurfti til þess að skuldbinda það. Af gögnum málsins og máltilbúnaði aðila verður ráðið að stefnanda hafi verið ætlað að halda utan um eignir fjölskyldunnar og ávaxta skuldlausar kjarnaeygnir hennar. Áhættusamari fjárfestingar skyldu vera í dóttur- og dótturdótturfélögum stefnanda.

Stefnandi hafði ekki starfsmenn á launaskrá. Hins vegar sá Kristinn Björnsson um daglegan rekstur stefnanda samhliða störfum sínum sem framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélags, Mercatura ehf.

Stefnandi átti dótturfélögin Eignarhaldsfélagið SKE ehf. og Eignarhaldsfélagið SK ehf., sem aftur áttu dótturdótturfélögin SKE II ehf., og SK II ehf. Þessi félög mynduðu samstæðu stefnanda. Dóttur- og dótturdótturfélögin voru sameinuð stefnanda miðað við 1. janúar 2012, en við samrunann tók stefnandi yfir réttindi og skyldur hinna yfirteknu félaga.

Stefndu

Stefndi, Birkir Kristinsson, hóf störf hjá Glitni banka hf. í janúar 2003 og starfaði þar allt til 15. október 2008, sem starfsmaður einkabankaþjónustu bankans. Þegar atvik málsins gerðust var stefndi Birkir viðskiptastjóri stefnanda, þá Björns Hallgrímssonar ehf., hjá bankanum. Hann var einnig viðskiptastjóri allra systkinanna, þ.e. hluthafa í stefnanda, þar á meðal Kristins og einkahlutafélags hans, Mercatura ehf. Stefndi tekur fram að Birkir hafi verið umfangsmikill fagfjárfestir í ýmsum eignarhaldsfélögum ásamt bróður sínum. Hafi bræðurnir átt jafnstóran hlut og stefndi í fjárfestingarfélaginu Gnúpi hf., sem var stærsta eign samstæðu stefnanda.

Stefndi, Stefán Bergsson, var löggiltur endurskoðandi stefnanda og samstæðu hans frá árinu 2005. Á þeim tíma var hann eigandi og starfsmaður stefnda, Pricewater-

houseCoopers ehf. (héðan í frá PwC ehf.). Vinna stefndu, Stefáns og PwC ehf., fyrir stefnanda á árunum 2005–2009 fólst annars vegar í því að endurskoða reikninga félagsins árin 2005 og 2006. Ársreikningar 2007 og síðar voru ekki endurskoðaðir enda hafði Glitnir banki eignast félagið um mitt ár 2008. Hins vegar fólst vinna stefndu í því að starfsmenn stefndu færðu bókhald stefnanda á grundvelli gagna sem fyrirvarsmenn stefnanda afhentu stefndu, áður en gerð ársreiknings hófst. Að þeirra sögn var leitað eftir skýringum hjá fyrirvarsmönnum félagsins ef eitthvað kom fram við færslu bókhaldsins sem krafðist skýringa.

Stefndu Stefán Bergsson og PwC sáu enn fremur um bókhald og endurskoðun þeirra einstaklinga persónulega sem áttu eignarhlut í stefnanda og einkahlutafélaga þeirra, þar með talið Kristins Björnssonar og félags hans, Mercatura ehf.

Eins og fram er komið sá eitt systkinanna, Kristinn Björnsson, um daglegan rekstur stefnanda fram í miðjan ágúst 2008. Stefnandi leggur þann grunn að máli sínu að við það hafi Kristni verið mislagðar hendur og kunni hann með því að hafa valdið stefnanda tjóni þannig að saknæmt sé. Kristinn lést 31. október 2015. Eiginkonu hans, Sólveigu Guðrúnu Pétursdóttur, er einvörðungu stefnt vegna þess að hún situr í óskiptu búi eftir hann. Stefnandi byggir ekki á því að henni hafi verið kunnugt um þær athafnir hans sem koma við sögu þessa máls.

Að sögn stefndu Sólveigar hefur hún aldrei haft nokkur minnstu afskipti af málefnum þeirra félaga sem eiginmaður hennar stýrði, og hvorki þekkt bókhaldsmál þeirra né skjalavörslu. Því sé henni nánast ókleift að verjast fullyrðingum stefnanda um atvik sem eiga að hafa gerst í rekstri þessara félaga fyrir 18 árum og hún ekki heyrt af fyrr en mörgum árum eftir lát eiginmanns síns.

Réttargæslustefndi, Glitnir HoldCo ehf., er einkahlutafélag sem hét áður Glitnir banki hf. og hafði starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 til ársins 2011 og á grundvelli þess hélt hann úti almennri bankastarfsemi, þ.m.t. innlána- og fjárfestingarbankastarfsemi.

Stefnandi og fyrrverandi eigendur þess félags, þ.e. Björn Hallgrímsson og börn hans Áslaug, Kristinn, Emilía Björg, og Sjöfn, voru viðskiptavinir réttargæslustefnda um árabíl, bæði persónulega og vegna viðskipta félaga sem þau áttu.

Málsatvik

2002

Stefnandi, Björn Hallgrímsson ehf., var eins og áður greinir stofnaður í lok árs 1999. Í upphafi hélt Björn sjálfur um stjórnartaumana. Á stjórnarfundi í félaginu í nóvember 2002 voru Kristni Björnssyni og Birni Sch. Thorsteinssyni, eiginmanni

Áslaugar Björnsdóttur, veitt prókúruumboð fyrir félagið. Sá síðarnefndi mun aldrei hafa ritað prókúru félagsins en sá fyrrnefndi sá að öllu leyti um rekstur þess.

2004

Eins og fram er komið varðar málið 46.000.000 kr. úttekt af bankareikningi stefnanda, 20. janúar 2005, sem var færð inn á bankareikning félagsins Mercatura ehf. Aðdraganda millifærslunnar má rekja til tölvuskeytis er Kristinn sendi stefnda Birki 10. desember 2004. Þar er vísað til kaupa Mercatura ehf. á bréfum í Straumi fjárfestingarbanka hf. Af einhverjum ástæðum höfðu þau kaup verið skuldfærð á reikning stefnanda. Í skeyti Kristins til Birkis 10. desember 2004 segir:

Þá ætlaðir þú að senda mér upphæðina yfir kaupin mín á 6 m kr. bréfunum í STRB, sem sett voru á nafn Mercatura og skuldf. á reikning BH ehf., ég þarf að borga það tilbaka. Ég þarf kannski að fá lán eða yfirdrátt til að græja það fram yfir áramót.

Í svari stefnda Birkis samdægurs staðfesti hann að hafa skuldfært reikning stefnanda fyrir kaupum Mercatura ehf. á bréfum í Straumi 27. júlí 2004 svo og að Glitnir banki myndi veita Mercatura ehf. lán eða yfirdrátt til þess að fjármagna endurgreiðsluna.

Kristinn svaraði stefnda Birki í tölvuskeyti 13. desember 2004 og kvaðst vilja „jafna þetta“ fram yfir áramótin en honum væri heimilt að hafa féð lengur að láni. Hann fór þess því á leit við Birki að skuldin yrði færð yfir á nafn Mercatura ehf. fyrir áramót, annars kæmi lánið fram í bókhaldi stefnanda. Hann óskaði eftir yfirdráttarláni í þessu skyni fram yfir áramótin.

2005

Rúmum mánuði síðar, 20. janúar 2005, sendi Kristinn Birki tölvuskeyti þar sem kom fram að Mercatura ehf. þyrfti að endurgreiða bankanum yfirdráttarlánið sem var veitt um miðjan desember. Hann þyrfti því að biðja Birki um greiða. Í skeytinu segir m.a.:

Ég mun vera á síðasta degi í dag að greiða upp yfirdráttinn á reikningi Mercatura ehf., kt. 490604-3240 uppá 46 milljónir. Viltu borga hann með millifærslu af reikningi Bhehf., 515-14-103547.

Kristinn bað stefnda Birki að bjarga þessu svo Mercatura ehf. yrði ekki fyrir kostnaði og varð hann við beiðninni. Að sögn Birkis kom hann erindi Kristins áfram innan bankans þar sem það var afgreitt.

Féð hefur ekki verið endurgreitt stefnanda með peningum svo séð verði. Hann lítur því svo á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem nemi þessari millifærslu.

Stofnandi félagsins, Björn Hallgrímsson, lést í september 2005. Í ársreikningi stefnanda vegna reikningsársins 2005 er krafan ekki tilgreind sérstaklega en útistandandi skammtímakröfur félagsins í árslok 2005 nema rúmlega 224.000.000 kr. Krafa stefnanda á hendur Mercatura ehf. er hins vegar færð í bókhald stefnanda á viðskipta-

reikning Mercatura ehf. þar.

2007

Meðal gagna málsins er fundargerð hluthafafundar í Birni Hallgrímssyni ehf., dags. 5. júlí 2007. Það mun óumdeilt að hún var ekki rituð þann dag, heldur síðar, hugsanlega ekki fyrr en árið 2008. Allir hluthafar í stefnanda, systkinin fjögur, hafa ritað undir hana. Fyrir dómi kom fram að þau hefðu ekki ritað undir hana á sama tíma heldur hefði Kristinn farið til systra sinna til þess að fá undirritun hverrar um sig. Samkvæmt þessari fundargerð samþykktu allir hluthafar að selja félaginu Birni Hallgrímssyni ehf. 10% af heildarhlutafé hluthafanna í félaginu, sem var 6.000.000 kr. að nafnverði, fyrir 1.620.000.000 kr. Bókað var að fundarmenn væru sammála um að þetta verð væri ekki of hátt.

Meðal gagna málsins er einnig uppgjörslað þar sem gerð er grein fyrir því, sundurliðað, hvernig félagið greiddi hluthöfunum þessar 1.620.000.000 kr. fyrir hlutabréfin í félaginu. Sundurliðunarblaðið er ekki dagsett en samkvæmt því greiddi félagið annars vegar með reiðufé og hins vegar með uppgjöri ýmissa útistandandi krafna. Ein þessara krafna nemur 46.000.000 kr. og er hún skýrð þannig: „KB. Til fjárfestinga frá BH“.

Framlögð skattframtöl tveggja hluthafa í félaginu fyrir árið 2007 sýna að það ár seldi hvor um sig félaginu 10% hlutafjár síns í því og fékk söluhagnað sem nam 403.500.000 kr. ($1.620.000.000 \text{ kr.} / 4 = 405.000.000 \text{ kr.} - 1.500.000 \text{ kr.}$).

2008

Stefnandi mun, eftir alvarleg áföll á fjármálamörkuðum hérlendis og erlendis árið 2007, hafa verið orðinn ógjaldfær og skulduðu hann og félög í samstæðunni Glitni banka nokkra milljarða króna sem var umtalsvert hærri fjárhæð en samsvaraði þeim tryggingum sem bankinn hafði fyrir þeim.

Í byrjun árs 2008, 9. janúar, gerði stefnandi „kyrrstöðusamning“ við Glitni banka hf. Með honum skuldbatt félagið sig til að stofna ekki til frekari fjárfestinga með lántökum nema með samþykki bankans. Samhliða lýsti bankinn því yfir að hann myndi ekki á næstu sex mánuðum grípa til fullnustuaðgerða gegn félaginu. Með þessu mun hafa átt að veita stefnanda ráðrúm til að koma fjárhag sínum í lag. Allir hluthafar í félaginu rituðu undir þetta samkomulag fyrir hönd félagsins.

Í febrúar eða mars 2008 var heiti félagsins breytt í Lyfjablóm ehf.

Hinn 4. júlí 2008 lá fyrir bráðabirgðayfirlit frá endurskoðanda félagsins um eigna- og skuldastöðu þess miðað við 31. desember 2007. Samkvæmt því var eiginfjárstaða félagsins neikvæð um 3.164.005.733 kr. Samdægurs óskaði stjórn félagsins eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að bú þess yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Allir hluthafar í félaginu undirrituðu beiðnina.

Ársreikningur stefnanda vegna rekstrarársins 2006 var afhentur ársreikninga-

skrá 8. júlí 2008.

Þótt beiðni um gjaldþrotaskipti hefði verið lögð fram hélt félagið áfram að ræða við bankann um leiðir til að afstýra töku þess til gjaldþrotaskipta. Af þeim sökum var unnin samantekt um stöðu kröfuhafanna og líklegar heimtur þeirra upp í kröfur ef bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sú samantekt er dagsett 1. ágúst 2008. Almennar kröfur námu þá ríflega 4.121.100.000 kr. og voru skuldir við Glitni banka 92,5% af þeirri fjárhæð. Eignir voru taldar í hæsta lagi tæplega 800.000.000 kr. virði.

Viðræður við bankann leiddu til þess að félagið gerði samning við hann 13. ágúst 2008. Með honum afsöluðu allir hluthafar í félaginu hlutafjäreign sinni til bankans fyrir 1 kr. hver. Í þeim samningi er m.a. svohljóðandi ákvæði:

Glitnir banki hf. lýsir yfir að kaupandi muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hafa í rekstri Lyfjablóms ehf. eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samnings þessa og telji að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Er sú yfirlýsing bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutafé í Lyfjablómi ehf. eða félögum innan þeirrar samstæðu.

Í samningnum lýsa hluthafarnir yfir að ekki hvíli á félaginu skuldir við aðra en Glitni banka hf. og að þau hafi sjálf greitt skuld félagsins við Ernu ehf.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar Glitnis banka á grundvelli 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, vék kjörinni stjórn bankans frá og skipaði bankanum skilanevnd.

2009

Réttargæslustefnda, Glitni banka hf. (nú Glitnir HoldCo ehf.), var skipuð slita-stjórn 11. maí 2009 á grundvelli 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 44/2009. Slita-meðferð réttargæslustefnda var staðfest með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í nóvember 2010.

Að sögn réttargæslustefnda hóf núverandi eigandi stefnanda, þegar í apríl 2009, að hafa samband við starfsmenn og ráðgjafa réttargæslustefnda, nefndarmenn skilanevndar og formann slitastjórnar, bæði með tölvuskeytum og símtölum. Hann hafi óskað eftir margvíslegum gögnum um rekstur stefnanda og tengdra félaga og skýringum á þeim. Viðmælendur hans hafi talið ljóst að núverandi eigandi stefnanda þekkti rekstur stefnanda vel og hefði í sínum forum fjölmörg gögn um rekstur félagsins, m.a. gögn sem starfsmenn og ráðgjafar réttargæslustefnda höfðu hvorki séð né haft aðgang að. Að sögn réttargæslustefnda hefur núverandi eigandi stefnanda jafnframt sent starfsmönnum og ráðgjöfum réttargæslustefnda fyrirspurnir linnulaust síðan.

Ársreikningur stefnanda fyrir rekstrarárið 2007 var ekki fullgerður þegar Glitnir banki yfirtók félagið í ágúst 2008, en þá var um leið skipt um stjórn í félaginu.

Frestur til að afhenda ársreikning fyrir árið 2007 var þá ekki liðinn og skyldan til þess hvíldi eftir það á nýrri stjórn félagsins, sem Glitnir skipaði. Ársreikningur stefnanda fyrir rekstrarárið 2007 var afhentur ársreikningaskrá 16. október 2009.

2015

Kristinn Björnsson lést 31. október 2015. Félag hans Mercatura ehf., sem fékk síðar nafnið Eignarhaldsfélagið MCT ehf., var tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 2015. Skiptum þess lauk í september 2015 og var búið eignalaust.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 7. desember 2015 var nauðasamningur réttargæslustefnda samþykktur og í kjölfarið var ný stjórn félagsins kjörin.

2016

Glitnir banki hf., síðar Glitnir HoldCo ehf., átti stefnanda í átta ár, til 4. ágúst 2016, þegar núverandi fyrirvarsmaður stefnanda, Björn Thorsteinsson, keypti allt hlutfé í félaginu sem og allar kröfur réttargæslustefnda á hendur stefnanda, sem námu miðað við 31. desember 2014 10.440.647.025 kr. Kaupverðið var ákveðið 1.500.000 kr. Við söluna var tekið fram í ákvæði 4.1. í kaupsamningnum að kaupin færu fram án fyrirvara og því gæti kaupandi félagsins ekki átt nokkra kröfu á hendur réttargæslustefnda eftir afhendingu hlutfjárins.

Nýi eigandinn er sonur Áslaugar Björnsdóttur en hún átti, eins og systkini hennar, fjórðungshlut í stefnanda þar til í ágúst 2008 og sat alla tíð í stjórn félagsins.

Að sögn stefnanda hófst eftir eigandaskiptin umfangsmikil vinna við að greina rekstur stefnanda á árunum 2004–2008. Þá hafi komið í ljós að bókhald stefnanda hafi verið í veigamiklum atriðum ófullnægjandi. Skýringar og fylgiskjöl hafi vantað við fjölda úttekta. Hafi þá vaknað grunur um að stefnandi hefði um árábil greitt háar fjárhæðir sem virtust rekstri hans óviðkomandi.

Stefnandi taldi sig hafa gögn sem sýndu að millifærslan 20. janúar 2005, að fjárhæð 46.000.000 kr., hefði verið sviksamleg og reynt hefði verið að leyna því og hindra að sannleikurinn kæmi fram í málinu.

Af þeim sökum sendi fyrirvarsmaður stefnanda stefndu PwC ehf. og Stefáni Bergssyni bréf 9. október 2019 þar sem hann spurðist fyrir um ýmis atriði í rekstri stefnanda, m.a. hina umþrættu úttekt. Þá áskildi hann sér rétt til bóta úr hendi stefndu.

2020

Eftir það kveðst stefnandi hafa náð að afla ýmissa gagna er gáfu nýja sýn á málavexti, m.a. tölvuskeyti sem bárust í desember 2004 og janúar 2005 á milli Kristins og stefnda Birkis og rakin hafa verið. Stefnandi hafi enn fremur fengið bókhaldsfærslur samstæðu stefnanda. Núverandi fyrirvarsmaður stefnanda kveðst hafa átt á annan tug funda með stefnda Birki á árunum 2017–2019, auk þess sem þeir hafi verið í umfangsmiklum samskiptum í tölvuskeytum á sama tímabili.

Sumarið og haustið 2020 sendi stefnandi stefnda Birki og stefndu Stefáni og

PwC ehf. fleiri en eitt bréf hverjum þar sem hann krafðist upplýsinga um ýmsa gerninga stefnanda á ákveðnu árabili. Í bréfunum krafðist hann einnig bóta úr hendi þessara stefndu. Bótakröfu á hendur stefnda Birki byggði hann á því að stefndi hefði veitt Kristni liðsinni við millifærsluna og að háttsemi hans hefði verið ólögmat og bótaskyld. Birkir svaraði ekki kröfubréfinu.

Bótakröfu á hendur stefndu Stefáni Bergssyni og PwC ehf. byggði stefnandi á því að þeir hefðu brugðist skyldum sínum og haft hagsmuni fyrrum hluthafans, Kristins, sérstaklega í öndvegi við bókhalds- og endurskoðunarvinnu fyrir stefnanda, sérstaklega á árinu 2008. Hylmt hafi verið yfir saknæma háttsemi Kristins við rekstur þáverandi samstæðu stefnanda. Stefndu höfnuðu bótakröfunni enda töldu þeir hana byggjast á rangfærslum, stefnandi hefði ekki sýnt fram á eiginlegt tjón og ætti stefnandi yfir höfuð bótakröfu væri hún fallin niður vegna fyrningar og tómlætis.

Málsástæður og lagarök stefnanda

1. Almenn um hina bótaskyldu háttsemi

Stefnandi byggir á því að Kristinn Björnsson hafi valdið stefnanda verulegu fjártjóni með því að knýja það fram að stefnandi, félagið Björn Hallgrímsson ehf., nú Lyfjablóm ehf., var látinn greiða upp yfirdráttarlán félags í hans eigu, Mercatura ehf., 20. janúar 2005, með millifærslu að fjárhæð 46.000.000 kr. Stefndi Birkir hafi veitt Kristni liðsinni við þetta með því að hafa, að beiðni Kristins, framkvæmt eða látið framkvæma millifærsluna á áðurgreindum degi. Birkir hafi gegnt stöðu viðskiptastjóra hjá einkabankaþjónustu Glitnis banka hf. og verið allt í senn, viðskiptastjóri stefnanda, Mercatura ehf. og Kristins Björnssonar persónulega. Kristinn og stefndi Birkir hafi með þessu brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við stefnanda. Þeim hafi auk þess verið ljóst að millifærslan væri saknæm og ólögmat.

Þá hafi stefndu Stefán Bergsson og PwC ehf., sem sérfræðingar á sviði reikningshalds og endurskoðunar, sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi við endurskoðun og færslu bókhalds stefnanda. Stefndu hafi enn fremur brotið gegn starfs- og trúnaðarskyldum sínum við stefnanda með því að hafa vanrækt að gera stjórn stefnanda viðvart um þessa millifærslu, þvert á móti hafi stefndu liðsinnt Kristni Björnsyni við að halda henni leyndri eins og síðar verði rakið.

Krafa stefnanda byggist á því að hann hafi orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna saknæmrar og ólögmatrar háttsemi stefndu. Háttsemi stefndu hafi verið sviksamleg og þeir dregið dul á atvik, m.a. í tengslum við uppgjörsmál stefnanda á árinu 2008 og síðar. Stefndu hafi beitt stefnanda skipulegum og alvarlegum blekkingum vegna þessarar millifærslu. Frágangur bókhalds félagsins á árinu 2008, rétt fyrir yfirtöku Glitnis banka hf. á félaginu og ýmsar stórfelldar blekkingar þar að lútandi, hafi valdið því að

stefnandi hafi ekki uppgötvað fyrr en löngu síðar hvernig hin ólögmeta ráðstöfun hafi í raun og veru komið til. Þá sé jafnframt byggt á þeirri meginreglu skaðabótaréttar að þegar fleiri en einn beri skaðabótaábyrgð beri þeir óskipta ábyrgð gagnvart tjónþola.

Stefnandi tekur fram að í umfjöllun hans um hvert og eitt stefndu vísi hann til atvika sem varði viðkomandi sérstaklega en allar málsástæður og lagarök sem tilgreind séu um einstaka stefndu eigi þó við um þau öll, eftir því sem við geti átt.

2. Aðild

Aðild stefndu byggist á 19. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að sækja mál á hendur fleiri en einum enda verði dómkröfur stefnanda raktar til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Eins og málum sé háttað leiki enginn vafi á að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt, enda sömu atvik, aðstaða og löggerningur að baki málshöfðuninni.

PricewaterhouseCoopers ehf. hafi verið endurskoðunarfyrtæki stefnanda og hafi séð um bókhald og gerð ársreikninga fyrir stefnanda. Stefndi Stefán Bergsson hafi verið endurskoðandi stefnanda og starfað hjá PwC ehf. Því beri PwC ehf. húsbóndaábyrgð á störfum hans.

Stefndi Birkir Kristinsson hafi verið viðskiptastjóri stefnanda hjá Glitni banka hf. og veitt Kristni Björnssyni liðsinni við þá háttsemi sem málið varðar, þ.e. þegar stefnandi var látinn greiða upp yfirdrátt á reikningi Mercatura ehf. 20. janúar 2005. Eins og áður er vikið að var stefndi Birkir jafnframt viðskiptastjóri Kristins og Mercatura ehf.

3. Kröfur á hendur Sólveigu Pétursdóttur

Skaðabótakröfu sína á hendur stefndu Sólveigu byggi stefnandi á því að hún sitji í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Kristin Björnsson, og beri því ábyrgð á skuldum hans eins og þær væru hennar eigin skuldir, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Stefnandi byggi á því að Kristinn hafi valdið stefnanda fjártjóni á saknæman og ólögmetan hátt og sé kröfunni beint að Sólveigu vegna bótaskyldrar háttsemi hans.

Kristinn hafi verið stjórnarmaður í stefnanda og vegna þeirrar stöðu hans hafi hvílt á honum sérstakar trúnaðarskyldur við félagið. Kristinn hafi farið með prókúru stefnanda og stýrt daglegum rekstri hans. Kristni hafi verið kunnugt að meirihluta stjórnarmanna þurfti til að skuldbinda félagið. Þar eð félagið hafi einungis haldið utan um fjárfestingar á þessum tíma hafi engir formlegir stjórnarfundir verið haldnir né skráðar fundargerðir. Það hafi systur Kristins, Emilía Björg og Sjöfn, staðfest þegar þær gáfu skýrslu í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. desember 2020.

Samskipti um rekstur stefnanda hafi farið fram óformlega í símtölum eða í fjölskylduboðum og hafi systurnar staðfest það sérstaklega í sömu skýrslugjöf að þær hefðu ekkert komið að rekstri stefnanda og alfarið treyst Kristni, bróður sínum, í

öllum málum sem vörðuðu félagið. Stefnandi vísi til þess að Kristni hafi borið að fá samþykki meirihluta stjórnarmanna fyrir öllum lánamálum, en hann hafi hins vegar ítrekað látið eigin hagsmuni ganga fyrir hagsmunum stefnanda.

Stefnandi byggir á því að Kristinn hafi valdið stefnanda verulegu tjóni með því að knýja það fram að stefnandi var látinn greiða upp yfirdráttarlán félags Kristins, Mercatura ehf., 20. janúar 2005, að fjárhæð 46.000.000 kr.

Stefnandi byggir á því að Kristinn hafi ekki haft samþykki stjórnar stefnanda fyrir uppgreiðslunni, en eðli málsins samkvæmt sé stjórnarmanni félags óheimilt að „lána“ félagi sínu tugi milljóna króna vaxtalaust, auk þess sem slíkar lánveitingar séu óheimilar samkvæmt lögum.

Fjárhæðin hafi ekki verið endurgreidd stefnanda. Bú Mercatura ehf., sem fékk síðar nafnið Eignarhaldsfélagið MCT ehf., hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 2015 og því sé ljóst að féð sé glatað. Stefnandi hafi því orðið fyrir tjóni sem nemi millifærslunni. Stefnandi telji jafnframt að rannsókn hans hafi leitt í ljós að Kristinn hafi ákveðið ýmsar aðrar millifærslur sem hafi verið til hagsbóta fyrir hann sjálfan persónulega sem og framangreint einkahlutafélag hans. Þær séu enn fremur til áframhaldandi skoðunar hjá stefnanda, en fyrrverandi lögmannsstofa stefnanda neiti að afhenda gögn þar um þrátt fyrir beiðnir stefnanda þar að lútandi.

Þá byggir stefnandi jafnframt á því að Kristinn hafi sviksamlega dulið millifærsluna og hafi þar notið liðsinnis stefnda Birkis, stefnda PwC ehf. og Stefáns Bergssonar endurskoðanda, m.a. á árinu 2008, sem skoðast eigi sem sjálfstæður bótagrundvöllur, enda hafi Kristinn séð til þess að uppgreiðslan á yfirdráttarláni Mercatura ehf. hafi hvorki komið fram í bókhaldi stefnanda né í ársreikningum hans, enda hafi bókhald félagsins verið fært töluvert eftir á. Þá hafi tilraunum forsvarsmanna stefnanda, fyrrverandi hluthafa og aðila þeim tengdum, verið mætt með sinnuleysi og rangfærslum.

Stefnandi telji að Kristni hafi verið það ljóst að háttsemi hans væri fallin til þess að valda stefnanda fjártjóni og því sé hún saknæm og ólögæt.

4. Kröfur á hendur Birki Kristinssyni

Stefnandi byggir á því að Birkir hafi valdið stefnanda fjártjóni á saknæman og ólögætatan hátt, með því að liðsinna Kristni við að láta stefnanda greiða upp yfirdráttarlán Mercatura ehf., félags í eigu Kristins. Birkir hafi verið viðskiptastjóri hvorra tveggja, stefnanda og Mercatura ehf., og hafi í krafti stöðu sinnar innan Glitnis banka hf. getað komið „greiðabeiðni“ Kristins til leiðar, eins og liggi fyrir í gögnum málsins.

Stefnandi byggir jafnframt á meginreglum skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð, enda hafi stefndi Birkir starfað sem slíkur innan Glitnis banka hf. Þá byggir stefnandi á því að Birki hafi ekki getað dulist það sem sérfræðingur, fagfjárfestir og viðskipta-

stjóri stefnanda um árabíl að hin umdeilda millifærsla var ólögmat.

Stefnda hafi verið það fullkunnugt, sem viðskiptastjóra stefnanda, að meirihluta stjórnar þurfti til að skuldbinda félagið, sbr. m.a. tölvuskeyti Birkis til Kristins 23. september 2004. Engu að síður hafi stefndi ákveðið að veita Kristni „umbeðinn“ greiða, þvert gegn hagsmunum stefnanda. Vegna stöðu sinnar hafi þó hvílt á Birki trúnaðarskyldur við stefnanda.

Stefndi Birkir hafi því athugasemdalaust tekið við beiðnum eða fyrirmælum Kristins um fjármál stefnanda, án þess að hafa sinnt þeim skyldum sem honum hafi borið að uppfylla í slíkum tilvikum, m.a. varðandi millifærslur og lánveitingar, þrátt fyrir að vera fullkunnugt um að samþykki meirihluta stjórnar stefnanda þurfti til að koma til að skuldbinda félagið. Birkir hafi þannig brugðist trúnaðar- og starfsskyldum sínum á saknæman, ólögmatan og þannig bótaskyldan hátt.

Þá byggji stefnandi jafnframt á því að stefndi Birkir hafi sviksamlega hylmt yfir þessa háttsemi, enda hafi hann hvorki greint þáverandi fyrirvarsmönnum stefnanda né Glitni banka hf. frá uppgreiðslunni. Stefndi byggji á því að í ljósi framangreinds megi gera ríkari kröfur til stefnda Birkis, sbr. reglur um sérfræðiábyrgð. Beita beri sakarreglunni með hliðsjón af framangreindri reglu, sem leiði til þess að ábyrgð verði strangari en ella, þ.e. ríkari kröfur séu gerðar til þekkingar þeirra en alls almennings og vönduð vinnubrögð.

Engum vafa sé undirorpið að sú háttsemi að láta ótengt félag (stefnanda) greiða skuldir annars félags (Mercatura ehf.) án þess að samþykki stjórnar félagsins liggi fyrir þar um sé saknæm og ólögmat. Háttsemi stefnda Birkis sé því bótaskyld gagnvart stefnanda.

5. Kröfur á hendur PricewaterhouseCoopers ehf. og Stefáni Bergssyni

Stefndi byggji á því að stefndu PwC ehf. og Stefán Bergsson séu sérfræðingar á sviði reikningshalds og endurskoðunar og hafi sýnt af sér saknæma og ólögmatá háttsemi við færslu bókhalds, reikningsskil og endurskoðun stefnanda. Hin bótaskylda háttsemi þeirra byggist á því að við færslu bókhalds og endurskoðun fyrir stefnanda hafi endurskoðunarfyrtækið brotið gegn lög- og samningsbundnum skyldum við eftirlit og færslu bókhalds, með þeim afleiðingum að stefndi varð fyrir tjóni.

Endurskoðendum beri lögum samkvæmt að rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gildi um störf þeirra. Bæði stefndu PwC ehf. og Stefáni Bergssyni, sem löggiltum endurskoðanda, hafi borið að haga störfum sínum í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Stefndi byggji á því að endurskoðandi og starfsmenn hans beri ábyrgð á tjóni sem þeir valdi í störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Stefán Bergsson hafi verið starfsmaður stefnda

PwC ehf. og eigandi. Því eigi reglur um húsbóndaábyrgð við um saknæma háttsemi hans.

Hlutverk stefndu PwC ehf. og Stefáns Bergssonar hafi verið að efla traust milli stefnanda, hagsmunaaðila og viðskiptalífsins og tryggja að þær upplýsingar sem voru áritaðar væru áreiðanlegar. Stefndi Stefán hafi gert það með áritun sinni á ársreikninga og með skýrslu til stjórnar um niðurstöður endurskoðunar. Fengi hann vitneskju um alvarlega ágalla í rekstri eða önnur atriði, sem gætu veikt fjárhagsstöðu stefndu, hafi sú skylda hvílt á honum að upplýsa stefnanda þar um.

Stefnandi byggi á því að á stefndu PwC ehf. og Stefáni hafi hvílt skýlaus skylda til að upplýsa stjórn stefnanda um þá háttsemi sem lýst hafi verið, enda hafi þeim ekki getað dulist að hún væri saknæm og ólögmæt. Endurskoðandi sé bundinn trúnaði við félagið sem hann endurskoðar en gegni jafnframt mikilvægri upplýsinga-skyldu og beri að tilkynna stjórn félagsins, sem hann endurskoðar, munnlega eða skriflega, leiki grunur á veikleikum í innra eftirliti félagsins og þegar ólögmætt athæfi eða sviksemi finnist í bókhaldi við reikningsskil félagsins. Þeir hafi hins vegar sýnt af sér sviksamlega háttsemi, með því að hylma yfir hina ólögmætu og saknæmu millifærslu í þágu Kristins.

Þá hafi stefndu PwC ehf. og Stefáni ekki getað dulist það að hin ólögmæta millifærsla væri fallin til þess að valda stefnanda tjóni. Þar sem stefndu hafi jafnframt fært bókhald stefnanda hafi skyldur þeirra verið enn ríkari og brot á reglum þar um því enn alvarlegri. Endurskoðun feli í sér sjálfstæða og hlutlausa athugun á reiknings-skilum, í þeim tilgangi að láta í ljós faglegt og óháð álit á þeim. Þannig beri endurskoðanda sem taki að sér færslu bókhalds sem og endurskoðun ársreikninga að gæta þess sérstaklega að óhæði hans sé ekki ógnað, sérstaklega ef hann sjái að auki um sambærilega vinnu fyrir tengda aðila. Hagsmunir Mercatura ehf. og stefnanda hafi skarast, enda stefndu endurskoðendur beggja félaga. Stefndu hafi því tekið fjárhags-lega hagsmuni Mercatura ehf. og Kristins fram yfir hagsmuni stefnanda.

Framangreindir stefndu hafi hins vegar haldið þessari uppgreiðslu leyndri með markvissum og skipulögðum aðgerðum, m.a. árin 2008 og 2009, en stefnandi telur sýnt að Kristinn og félag hans, Mercatura ehf., hafi verið komin í veruleg fjárhags-vandræði í lok árs 2007, enda hafi veðköll sem námu hundruðum milljóna verið gerð á félagið sem og Kristin persónulega af hálfu Glitnis banka hf. Hafi framangreindum stefndu auðsýnilega verið fullkunnugt um þá stöðu og þannig gripið til ýmissa aðgerða til að verja hagsmuni Kristins.

Þá byggi stefnandi á því að stefndu Stefán og PwC ehf. hafi lagt sig í líma við að halda upplýsingum um millifærsluna leyndum, sem og raunar öðrum millifærslum, enda hafi fyrirvarsmaður stefnanda og fjölskylda hans ítrekað reynt að afla mikilvægra upplýsinga um rekstur stefnanda og mikið hafi skort á að þær hafi verið veittar

á fullnægjandi hátt. Það eigi bæði við um tímabilið 2004–2008, sem og eftir þann tíma, sbr. m.a. yfirlýsingu og tölvuskeyti Áslaugar Björnsdóttur. Hafi iðulega verið vísað til þess að sérstakt leyfi þyrfti frá Kristni Björnssyni í þessu skyni. Hafi stefndu, að því er mál þetta varðar, bæði hagað færslu bókhalds og gerð ársreikninga með þeim hætti að umþrætt millifærsla hafi verið dulin.

Því verði sérstaklega að horfa til háttsemi stefndu að þessu leyti árin 2008 og 2009, að því er varðar fyrningarfresti, enda liggi fyrir viðurkenning stefnda Stefáns á því að bókhald stefnanda hafi verið fært eftir á, auk þess sem stefnandi telji að Stefán hafi afvegaleitt stefnanda með misvísandi skýringum á umræddri millifærslu. Úttektinni hafi verið haldið leyndri með markvissum og skipulögðum aðgerðum stefndu, ekki getið í ársreikningum stefnanda og ýmsar bókhaldsæfingar hafi verið viðhafðar í því skyni að koma bókhaldinu í ákveðinn farveg rétt fyrir yfirtöku Glitnis banka hf. 13. ágúst 2008 eins og rakið var í málavaxtalýsingu hér að framan.

Sú háttsemi að færa bókhald stefnanda eftir á sé ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem séu gerðar í bókhaldslögum nr. 145/1994, en í 9. gr. þeirra sé kveðið á um það að í bókhaldi skuli skrá viðskipti jafnskjótt og þau fari fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Þá skuli færslurnar gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa. Verulega hafi hins vegar skort á það af hálfu stefndu.

Stefnandi telji því að hegðun stefndu hafi verið saknæm og ólögmæt, enda hafi þeir árum saman hylmt yfir hina saknæmu háttsemi. Beri þeir þannig bótaskyldu gagnvart stefnanda, m.a. með vísan til sakarreglunnar og meginreglna um sérfræðibýrgð.

6. Um fjártjón stefnanda/kröfugerð

Eins og áður greini telji stefnandi sig hafa orðið fyrir tjóni þegar hann var látinn greiða upp 46.000.000 kr. yfirdráttarlán Mercatura ehf. Það félag hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 2015 og reynst eignalaust. Því sé ljóst að féð sé glatað.

Stefnandi telji stefndu hafa sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar með þeirri háttsemi sem lýst hafi verið.

Vaxtakrafa stefnanda byggist á 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vextir leggist fyrst á fjórum árum fyrir þingfestingu þessa máls. Dráttarvaxtakrafa stefnanda byggist á 9. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 38/2001. Dráttarvextir leggist fyrst á einum mánuði eftir þingfestingu þessa máls.

7. Orsakatengsl og sennileg afleiðing

Stefnandi byggir á því að fjártjón hans sé afleiðing saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefndu sem rakin hafi verið. Bein orsakatengsl séu á milli ólögmætra aðgerða stefnda og tjóns stefnanda og sé hin saknæma háttsemi stefnda bæði nauðsyn-

legt og nægjanlegt skilyrði tjóns stefnanda.

Stefnandi byggir á því að ofangreind háttsemi stefndu hafi valdið því að stefnandi var látinn greiða 46.000.000 kr. sem voru honum með öllu óviðkomandi, enda hafi skuldir Mercatura ehf. við Glitni banka hf. verið með öllu ótengdar fjárhagslegum skuldbindingum stefnanda. Þetta fé hafi ekki fengist endurgreitt og tjón stefnanda liggir því skýrt fyrir.

Stefnandi byggir á því að öllum stefndu hafi mátt vera það ljóst að háttsemi þeirra var til þess fallin að valda stefnanda fjárhagstjóni eins og raungerst hafi.

8. Sérstaklega um fyrningu

Stefnandi byggir á því að kröfur hans á hendur stefndu séu ekki fallnar niður fyrir fyrningu. Horfa verði til þeirrar sérstöðu málsins að stefndu hafi á skipulagðan hátt, árum saman, dregið dul á raunveruleg atvik málsins, þ.e. tilurð og ástæður milli-færslunnar, sem hafi valdið því að stefnandi hafi ekki fyrir en löngu síðar fengið nægar upplýsingar um hina saknæmu háttsemi sem gerðu honum kleift að höfða þetta mál.

Stefnandi telur að eins og málsatvikum sé háttað eigi 7. gr. laga nr. 14/1905 við, þannig að fyrningarfrestur dómkrafna stefnanda hafi ekki hafist fyrir en frá þeim degi sem félagið fékk vitneskju um hina saknæmu og ólögmetu háttsemi, enda hafi háttsemi stefndu verið sviksamleg. Fræðimenn hafi talið umrætt ákvæði taka til hvors tveggja; til þess að skuldunautur gæfi beinlínis ranga skýrslu um atvik þessi og hins að hann hafi leynt þeim. Í ákvæðinu felist því heimild til viðbótarfrests en stefnandi telur sannað að stefndu hafi liðsinnt Kristni Björnssyni við að halda hinni réttu atburðarás leyndri og því sé háttsemi þeirra sviksamleg. Krafa stefnanda sé því ófyrnd. Þá vísi hann jafnframt til og byggir á 4. gr. laga nr. 14/1905 sem og dómaframkvæmd um túlkun á því ákvæði.

Ex tuto byggir stefnandi enn fremur á því að kröfur hans séu ófyrndar, m.a. með hliðsjón af þeim skipulögðum blekkingum sem stefndu hafi reynt að viðhalda allt til þessa dags, m.a. um atburðarásina í aðdraganda þess að Glitnir banki tók stefnanda yfir 13. ágúst 2008 sem lýst sé í málavöxtum. Stefnandi byggir því jafnframt á því að horfa beri til laga nr. 150/2007 að því er varðar upphaf fyrningarfrests í málinu, nánar tiltekið 1. mgr. 9. gr. þeirra laga. Það ákvæði, sem var nýmæli við setningu laganna, miði upphaf fyrningarfrests við vitneskju kröfuhafa um efni kröfu og tjónvald. Þar segi að upphafstími fyrningar skaðabótakrafna utan samninga miðist við daginn þegar tjónþoli fékk „nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga“. Eins og rakið hafi verið hafi stefnandi einvörðungu nýlega fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið sem leiði til þess að kröfur félagsins séu ófyrndar, enda sé skilyrðið um vitneskju kröfuhafa tvíþætt: hann þurfi annars vegar að hafa *vitneskju um tjónið* og hins vegar *vitneskju um þann sem beri ábyrgð*.

Fyrningarfrestur kröfu hefjist ekki fyrr en bæði þessi skilyrði séu uppfyllt.

Stefnandi byggir því á því að kröfur stefnanda séu ófyrndar, hvort sem horft sé til laga nr. 14/1905 eða laga nr. 150/2007.

Málsástæður og lagarök stefndu Sólveigar Guðrúnar Pétursdóttur

Kröfu sína um sýknu byggir stefnda Sólveig á því að kröfur stefnanda á hendur henni séu tilhæfulausar með öllu. Hafi einhver kröfuréttindi stofnast á hendur eiginmanni hennar vegna þeirra atvika sem kröfur stefnanda varða byggir hún á því að þær séu fyrir löngu fallnar niður vegna fyrningar og/eða tómlætis.

Fyrning kröfuréttinda – tómlæti kröfuhafa

Stefnda telji að hvað sem öðru líði sé allur hugsanlegur kröfuréttur sem stefnandi byggir kröfu sína á fyrir löngu fallinn niður vegna fyrningar og/eða tómlætis.

1. Um bótareglur laga nr. 138/1994 og fyrningu bótaréttar samkvæmt þeim

Stefnda áréttar að stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á ólögfestri bótareglu íslensks skaðabótaréttar, sakarreglunni. Í lagarökum vísi hann almennt til laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Ljóst sé að stefnandi byggir á því að hin bótaskylda háttsemi hafi átt sér stað í starfsemi félagsins, stefnanda. Af því leiði að skaðabótareglur þeirra laga hljóti að koma sérstaklega til skoðunar við úrlausn málsins, enda séu þær lögfestar reglur og taki ólögfestri sakarreglu fram eftir því sem efni þeirra nái til. Reglur 108. gr. laga nr. 138/1994 hljóði svo:

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn einkahlutafélags, svo og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

Á þeim tíma sem bótakrafa stefnanda eigi að hafa stofnast hafi 110. gr. laga nr. 138/1994 hljóðað svo:

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 109. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

- a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;
- b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð;

- c. gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.
Mál skv. 3. mgr. 109. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

Krafa stefnanda á hendur stefndu byggist á því að eiginmaður hennar hafi, sem stjórnarmaður í stefnanda, notað aðstöðu sína til að fá fé af bankareikningi félagsins millifært inn á reikning félags sem hann átti. Þar eð þetta fé hafi ekki verið endurgreitt og viðtökufélagið hafi síðar orðið gjaldþrota hafi stefnandi orðið fyrir fjártjóni. Framangreind regla 110. gr. laga nr. 138/1994 hafi verið sérstök fyrningarregla um bótaábyrgð stjórnarmanna eða annarra stjórnenda einkahlutafélaga á athöfnum sem féllu undir 108. gr. laganna. Stefnandi telji kröfuna hafa stofnast 20. janúar 2005. Samkvæmt 110. gr. var fyrningartíminn á enda í ársbyrjun 2008, þ. e. þegar meira en tvö almanaksár voru liðin frá meintum tjónsatburði, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 40/2017.

2. Um ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 14/1905

Verði engu að síður talið að framangreindar reglur laga um einkahlutafélög eigi ekki við telji stefnda ljóst að ákvæði þágildandi laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 14/1905 eigi við. Samkvæmt 3. gr. þeirra hafi skaðabótakröfur fyrnst á 10 árum frá tjónsdegi. Sá fyrningartími hafi verið löngu liðinn þegar stefnandi hófst handa við kröfugerð sína. Fyrningartíminn hafi því verið á enda á meðan Glitnir HoldCo ehf. var eini hluthafi félagsins.

Stefnda vísi einnig til 7. gr. sömu laga, en samkvæmt því ákvæði hafi ætlaður kröfuréttur stefnanda, hvað sem öðru liði, verið fallinn niður fyrir fyrningu þegar eitt ár var liðið frá andláti Kristins Björnssonar sem lést 31. október 2015.

Stefnda mótmæli því harðlega að nokkur lagarök standi til þess að ákvæðum núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007 verði beitt við úrlausn málsins.

3. Um sakarregluna

Lagareglan um skaðabótaábyrgð stjórnenda einkahlutafélaga sé sérregla sem gangi að mati stefndu framár ólögfestri almennri sakarreglu íslensks réttar eins og áður greini. Stefnda telji að ekki geti komið til álita að beita þeirri reglu um atvik sem sérreglan ætti að taka til. Stefnda vísar til ummæla í forsendum áðurnefnds dóms Hæstaréttar, sbr. og dóm Hæstaréttar í máli nr. 614/2011.

Verði þrátt fyrir þetta talið að sakarreglan kunni að eiga hér við eigi sömu rök við um fyrningu kröfuréttindanna samkvæmt lögum nr. 14/1905 og rakin hafi verið.

4. Um áhrif tómlætis

Stefnda haldi því einnig fram að skaðabótakrafa stefnanda í málinu sé fallin

niður vegna tómlætis, þótt ekki kæmi annað til. Stefnda telji ljóst að öllum stjórnarmönnum hefði átt að vera kunnugt um meðferð fjár stefnanda á þeim árum sem séu hér til skoðunar vegna skyldna þeirra sjálfra til að tryggja að fjármál félagsins og bókhaldsmál öll væru í lagi og lögum samkvæmt í samræmi við ábyrgð og skyldur stjórnarmanna skv. 44. gr. laga nr. 138/1994. Stefnda telji augljóst að stefnandi geti ekki eignast bótakröfu á hendur eigin stjórnarmönnum vegna athafna þeirra eða athafnaleysis þegar svo standi á, sem í þessu tilviki, að stjórnarmennirnir áttu saman allt hlutfé í félaginu. Þá geti vanræksla einstakra stjórnarmanna eða hirduleysi þeirra um eigin skyldur við félagið ekki leitt til stofnunar bótakröfu við slíkar aðstæður. Augljóst hljóti að vera að skeytingarleysi um slíkar skyldur geti ekki orðið til þess að lengja fyrningartíma, en að sama skapi hafi það bein tómlætisáhrif geri enginn stjórnarmaður og enginn hluthafi neinar athugasemdir við meðferð fjár félagsins svo árum eða áratugum skipti. Þessu til stuðnings vísi stefnda sérstaklega til dóms Hæstaréttar í dómásafni 1995, bls. 2788 (mál nr. 120/1994).

Stefnda telji óumdeilt að allir hluthafar stefnanda hafi vitað hvernig bókhaldsmálum stefnanda var háttað alla tíð frá stofnun félagsins og fram að því að hluthafarnir afsöluðu hlutfjáreign sinni til Glitnis banka í ágúst 2008. Allir hluthafarnir hafi haft aðgang að endurskoðandanum sem hélt utan um bókhaldið fyrir þau og gátu þar gert allar þær athuganir á meðferð fjár félagsins sem þau töldu sig þurfa – og höfðu skyldu til. Glitnir banki hafi átt allt hlutfé í stefnanda í 8 – átta – ár og hafi aldrei hreyft neinum athugasemdum við meðferð fjár hjá félaginu vegna fyrri tíma.

Samningur um kaup Glitnis banka hf. á öllu hlutfé stefnanda

Stefnda vísar til þess að stefnandi sé einkahlutafélag sem Glitnir HoldCo ehf. (áður Glitnir banki hf.) hafi átt til 4. ágúst 2016. Það hafi átt sér aðdraganda að bankinn yfirtók félagið. Stefnandi hafi, eftir alvarleg áföll á fjármálamörkuðum hérlendis og erlendis árið 2007, verið orðinn ógjaldfær og hafi skuldað bankanum nokkra milljarða króna. Stefnandi hafi 9. janúar 2008 samið við Glitni banka hf. um að ekki yrðu hafnar fullnustuaðgerðir gegn félaginu næstu sex mánuði. Allir hluthafar í félaginu hafi fyrir þess hönd ritað undir samkomulag þessa efnis. Hinn 4. júlí 2008 hafi legið fyrir bráðabirgðayfirlit frá endurskoðanda félagsins um eigna- og skuldastöðu þess miðað við 31. desember 2007 og hafi eiginfjárstaðan þá verið neikvæð um 3.164.005.733 kr. Stjórn félagsins hafi samdægurs óskað eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að bú þess yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Allir hluthafar í félaginu hafi ritað undir þá beiðni.

Þótt beiðni um gjaldþrotaskipti hefði verið lögð fram hafi félagið haldið áfram að ræða við bankann um leiðir til að afstýra töku þess til gjaldþrotaskipta. Í framhaldi af því hafi verið unnin samantekt um stöðu kröfuhafanna og líklegar heimtur þeirra

upp í kröfur ef bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sú samantekt sé dagsett 1. ágúst 2008. Óveðtryggðar kröfur hafi þá numið 4.121.000.100 króna og hafi skuldir við Glitni banka samsvarað 92,5% af þeirri fjárhæð. Eignir hafi verið taldar í hæsta lagi 800.000.000 kr. virði. Viðræðurnar hafi leitt til samningsgerðar 13. ágúst 2008 þar sem allir hluthafar í félaginu afsöluðu bankanum hlutafjäreign sinni fyrir 1 kr. hver. Í samningnum sé m.a. svohljóðandi ákvæði:

Glitnir banki hf. lýsir yfir að kaupandi muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hafa í rekstri Lyfjablóms ehf. eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samnings þessa og telji að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Er sú yfirlýsing bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutafé í Lyfjablómi ehf. eða félögum innan þeirrar samstæðu.

Í samningnum lýsa hluthafarnir yfir að ekki hvíli á félaginu skuldir við aðra en Glitni banka hf. og að þau hafi sjálf greitt skuld félagsins við Ernu ehf.

Stefnandi haldi því fram að ekkert samráð hafi verið haft við stjórn félagsins í aðdraganda gerðar þessa samnings. Þessi fullyrðing standist ekki, enda beri texti samningsins með sér að hluthafarnir hafi allir verið með í ráðum um þetta. Til frekari áréttingar vísist til umræðupunkta, dags. 1. ágúst 2008, frá prókúruhafanum Gunnari Sch. Thorsteinsson og til orðsendinga sem gengu milli hans og lögmanns stefnanda, bæði fyrir og eftir þessa samningsgerð.

Daginn eftir undirritun samningsins hafi beiðni um gjaldþrotaskipti á félaginu verið afturkölluð. Bú félagsins hefði ótvírætt verið tekið til gjaldþrotaskipta hefði ekki verið gerður samningur við Glitni banka. Í því tilviki hefðu hluthafarnir staðið frammi fyrir annars konar veruleika, nefnilega hættu á því að mjög háar greiðslur til þeirra út úr félaginu á síðustu misserum fyrir samningsgerðina hefðu sætt frekari skoðun skiptastjóra þrotabús þess.

Það sé augljóst að stefnandi hafi vitað allt um þessa samningsgerð, enda hafi allir hluthafar ritað undir samninginn og í kjölfar þess hafi verið skipt um stjórn í félaginu. Sömuleiðis sé ljóst að núverandi hluthafi stefnanda, sem eignaðist hlutaféð í viðskiptum við Glitni HoldCo ehf. árið 2016, hafi vitað allt um þessa samningsgerð í það minnsta mjög skömmu síðar, sbr. tölvuskeyti hans á árinu 2011.

Þótt stefnandi hafi lagt samninginn frá 13. ágúst 2008 fram við þingfestingu málsins fjalli hann ekkert um þýðingu þess skjals. Til þess hefði þó verið ærin ástæða, þar eð í honum felist *fyrirvaralaust loforð* um að kaupandinn muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum hlutanna út af atvikum sem gerst hafi í rekstri félagsins eða félaga innan samstæðunnar og líti svo á að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Síðan segi að sú yfirlýsing sé bindandi fyrir þá sem síðar kunni að eignast hlutaféð.

Samkvæmt framangreindu telji stefnda að sýkna beri hana af kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu að þær fari í bága við samninginn sem bæði fyrri og síðari eig-

endur hlutafjár í stefnanda hafi verið bundnir af frá því hann var undirritaður 13. ágúst 2008.

Um ætlað fjártjón og sönnun þess

Stefnda áréttar að það hvíli á stefnanda að sanna að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og um fjárhæð tjóns. Stefnda telji af og frá að stefnandi hafi axlað þá sönnun-arbyrði. Sóknargögn í málinu veiti engar líkur, hvað þá sönnun fyrir því að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar úttektar af bankareikningi sem málið hverfist um. Gögn sem hafi verið lögð fram sanni ekkert um það atriði.

Stefnda hafi aldrei haft aðgang að bókhaldsgögnum stefnanda, hvorki meðan eiginmaður hennar var á lífi né eftir fráfall hans. Henni hafi aldrei verið kynnt nein gögn úr bókhaldinu, en hún hafi vitað af tilvist félagsins, vitað að ársreikningar þess voru gerðir af endurskoðanda sem vann af heilum hug fyrir félagið og fjölskyldur allra hluthafanna og að aldrei hafi verið nokkur minnsti ágreiningur um þau uppgjör nema síður væri. Stefnda viti ekki til þess að neinar kröfur á hendur eiginmanni hennar heitnum hafi komið fram í uppgjörum félagsins. Í ljósi þessara staðreynda telji stefnda að gera verði ríkar kröfur til stefnanda um sönnun fyrir ætluðu tjóni hans og að sönn-unargögn sem á er byggt séu þannig sett fram að hægt sé að halda uppi vörnum með góðu móti. Því sé ekki að heilsa í þessu máli og þar eð kröfur á hendur stefndu séu hvað sem öðru líður engum haldbærum gögnum studdar beri að sýkna hana.

Telji dómurinn, þrátt fyrir allt sem rakið hafi verið, að einhver grundvöllur sé fyrir þeirri staðhæfingu að eiginmaður stefndu hafi valdið félaginu tjóni í janúar 2005, eins og stefnandi haldi fram, telji stefnda dagljóst að það tjón hafi fyrst og fremst bitnað á kröfuhöfum félagsins en ekki félaginu sjálfu eins og rakið sé í lýsingu mála-vaxta. Hið sama sýni samningurinn sem stefnandi og bankinn hafi gert í ágúst 2008. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu af kröfunni þótt ekki kæmi annað til.

Fari svo, þrátt fyrir allt, að dómurinn telji stefnanda eiga rétt á einhverjum bótum úr hendi stefndu sé, hvað sem öðru líði, óhjákvæmilegt að líta til þess hvernig þetta mál sé komið til. Sá sem krefjist bótanna hafi ekki tapað neinu sjálfur. Hann hafi keypt hlutaféð í stefnanda eingöngu til þess að geta staðið í málaferlum vegna löngu liðinna atvika. Til þess hafi hann varið 1.500.000 kr. en vilji fá bætur sem nemi ekki bara tvöfaldri eða þrefaldri þeirri fjárhæð, heldur meira en þrítugfaldri fjárhæðinni. Þá sé ekki verið að tala um tjón, heldur einhvers konar happdrættisvinning og slíkt hafi enga stoð í dómaframkvæmd héraendis.

Málkostnaðarkrafa

Til stuðnings kröfu sinni um málskostnað vísar stefnda til 130. gr. laga um

meðferð einkamála nr. 91/1991. Hún krefjist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins, að teknu tilliti til reglna um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Stefnanda krefjist þess jafnframt að stefnanda verði gert að greiða álag á málskostnað á grundvelli 2. mgr. 131. gr., sbr. a- og c-liði 1. mgr. 131. gr. laganna. Samkvæmt þeim ákvæðum sé heimilt að dæma aðila til að greiða álag á málskostnað geri stefnandi kröfu sem hann vissi eða mátti vita að væri haldlaus. Eins og áður hafi verið rakið séu kröfur á hendur stefndu með öllu haldlausar og augljóslega fyrndar. Þá séu í stefnu fjölmargar staðhæfingar um ólögmatar og jafnvel refsiverðar athafnir látins eiginmanns stefndu sem engin haldbær sönnunargögn séu fyrir og tengist þar fyrir utan ekki þeirri kröfu sem málið snýst um. Því verði að fallast á þá kröfu stefndu að stefnanda verði gert að greiða henni álag á málskostnað.

Málsástæður og lagarök stefnda Birkis

Ætluð krafa stefnanda sé fyrnd og fallin niður vegna tómlætis

Stefndi Birkir kveðst byggja á því að ætluð skaðabótakrafa stefnanda sé löngu fyrnd og fallin niður vegna tómlætis. Við mat á þessari málsástæðu stefnda sé mikilvægt að horfa á vitneskju félagsins sjálfs en ekki vitneskju núverandi eiganda. Krafa sem hafi fyrnst í höndum félags rakni ekki við séu hlutir í félaginu seldir og annar eignist félagið.

Stefnandi byggir á því að skaðabótaskylda háttsemin hafi verið millifærslan sem fór fram 20. janúar 2005. Um kröfu sem byggist á henni gildi því lög nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sem taki til krafna sem stofnuðust fyrir 1. janúar 2008. Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laganna fyrnist skaðabótakröfur á 10 árum frá tjónsdegi. Ætluð skaðabótakrafa stefnanda sé því löngu fyrnd.

Stefndi mótmæli í þessu sambandi að ákvæði 7. gr. laga nr. 14/1905 eigi við. Hann mótmæli alfarið bæði því að hafa haldið einhverju leyndu og því að hafa gert eitthvað sviksamlegt. Þessar fullyrðingar stefnanda séu bæði rangar og meiðandi. Í öllu falli séu þær ósannaðar, enda séu þær ekki studdar neinum gögnum. Í því sambandi árétti stefndi að líta verði til vitneskju félagsins sjálfs en ekki þess sem kunnir að eiga það hverju sinni. Upplýsingar um millifærsluna hafi legið fyrir innan félagsins frá upphafi. Jafnvel þótt ákvæði 7. gr. yrði talið eiga við sé ljóst að krafan hefði í síðasta lagi fyrnst fjórum árum eftir kaup Glitnis 13. ágúst 2008 á öllu hlutafé í stefnanda, en þá hafi stefnandi í síðasta lagi fengið vitneskju um þessi atvik.

Stefndi byggir jafnframt á því að í þessu tilviki verði ekki litið til laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, enda taki þau eingöngu til krafna sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008. Burtséð frá því sé einnig ljóst að krafa stefnanda væri löngu fyrnd skv. 9. gr. laganna, enda hafi upplýsingar um millifærsluna legið fyrir síðan hún fór

fram. Á stefnanda hvíli sönnunarbyrðin um annað.

Stefndi byggir jafnframt á því að krafan sé fallin niður fyrir tómlæti stefnanda. Réttaráhrif tómlætis séu ekki bundin við fyrningu, enda séu þau óháð því hvort skilyrði formlegrar fyrningar séu fyrir hendi. Almennu sé talið að það leiði til brottfalls kröfu vegna tómlætis sé hún ekki gerð þótt ástæða sé til. Reglan eigi við í þeim tilvikum þegar það sé íþyngjandi fyrir skuldara að krafa eða mótmæli komi seint fram og tómlætið gefi, eða megi gefa, skuldara ástæðu til að ætla að engin krafa eða mótmæli verði sett fram. Það sé því nauðsynlegt og sanngjarnt að tilkynna skuldara um kröfu og efni hennar megi ætla að skuldari viti ekki að krafa sé til staðar eða hvert efni hennar sé. Að öðrum kosti geti krafa fallið niður vegna tómlætis.

Það liggir fyrir að millifærslan fór fram í janúar 2005. Stefndi hafi ekki haft neinar forsendur til að ætla að millifærsla, sem hann kom að í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtæki, gæti bakað honum persónulega skaðabótaskyldu. Því hafi verið nauðsynlegt að tilkynna honum strax um tilvist og efni kröfunnar. Stefndi hafi hins vegar fyrst haft uppi kröfuna við stefnda 16. ágúst 2020, hátt í 16 árum eftir að millifærslan fór fram og rúmum fjórum árum eftir að núverandi eigandi stefnanda eignaðist hluti í því félagi. Með vísan til þessa byggir stefndi á því að krafan sé fallin niður fyrir tómlæti með þeim réttaráhrifum að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Við mat á áhrifum fyrningar á tómlæti verði að horfa til þess að skv. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 beri stjórn félags að sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Öllum stjórnarmönnum stefnanda hafi því mátt vera kunnugt um meðferð fjármuna félagsins. Vanræksla stjórnarmanna á þessum skyldum geti ekki leitt til lengri fyrningar- og tómlætisfresta. Jafnframt verði að horfa til þess að Glitnir hafi átt allt hlutafé í stefnanda í um átta ár og að á þeim tíma hafi engar athugasemdir verið gerðar við umrædda millifærslu.

Eigendur stefnanda hafi lýst því yfir að engin krafa sé til staðar vegna millifærslunnar

Stefndi hafi lagt fram samning, dags. 13. ágúst 2008, þar sem fyrrum hluthafar stefnanda afsöluðu öllu hlutafé í félaginu til Glitnis. Í samningnum sé eftirfarandi yfirlýsing kaupandans:

Glitnir banki hf. lýsir yfir að kaupandi muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hafa í rekstri Lyfjablóms ehf. eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samnings þessa og telji að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Er sú yfirlýsing bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutafé í Lyfjablómi ehf. eða félögum innan þeirrar samstæðu.

Í þessari yfirlýsingu felist fyrirvaralaust loforð kaupandans um að hann myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur fyrrum hluthöfum, þar á meðal Kristni Björnsyni, út af atvikum sem gerst höfðu í rekstri félagsins eða félaga innan samstæðunnar. Þarna sé því jafnframt lýst yfir að litið væri svo á að félög innan samstæðunnar ættu

engar kröfur á hendur hluthöfunum. Sérstaklega sé tekið fram að þessi yfirlýsing sé bindandi fyrir þá sem síðar kynnu að eignast hlutaféð.

Með þessu hafi því verið lýst yfir að stefnandi ætti engar kröfur á hendur Kristni. Af því leiði að stefnandi hafi ekki heldur átt kröfu á hendur stefnda Birki vegna millifærslunnar, enda sé sú krafa byggð á því að Birkir hafi liðsinnt Kristni við framkvæmd hennar. Þegar af þessari ástæðu verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eigandi stefnanda hafi fallið frá öllum kröfum á hendur Glitni

Stefndi bendir á að 4. ágúst 2016 hafi núverandi eigandi stefnanda keypt allt hlutafé í félaginu af Glitni. Í þeim kaupsamningi sé sérstaklega tekið fram að kaupin færu fram án fyrirvara og að kaupandi gæti „ekki með nokkru móti átt nokkra kröfu á hendur seljanda eftir afhendingu hins selda“. Í þessu hafi falist það fyrirvaralaus loforð kaupandans að hann myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur Glitni. Stefndi byggir á því að í slíku loforði felist eðli málsins samkvæmt einnig loforð um að kaupandi muni ekki hafa uppi kröfur á hendur starfsmönnum og fyrrum starfsmönnum Glitnis vegna starfa þeirra í þágu bankans. Stefndi telur það jafnframt leiða af reglum um vinnuveitandaábyrgð að tjónþoli geti ekki fallið frá kröfu á hendur vinnuveitanda og á sama tíma haldið henni til streitu gagnvart starfsmanni. Þegar af þessari ástæðu verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Ákvæði 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga

Stefndi hafi verið starfsmaður Glitnis og því fallið undir ábyrgðartryggingu bankans. Stefnandi hafi ekki byggt á því að stefndi hafi valdið honum tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í öllu falli hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stefndi hafi valdið honum tjóni með slíkum hætti. Stefndi verði því ekki krafinn persónulega um greiðslu skaðabóta vegna starfa sinna fyrir Glitni, sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Háttsemi stefnda hafi hvorki verið saknæm né ólögmæt

Sjónarmiðum um sérfræðiábyrgð verði ekki beitt í málinu

Eins og rakið hafi verið hafi stefndi Birkir veitt stjórnarmanni og prókúruhafa stefnanda aðstoð við að framkvæma millifærslu. Hana hefði allt eins verið hægt að færa í heimabanka félagsins. Stefndi hafi því ekki veitt þjónustu á grundvelli sérfræðisþekkingar og því verði sjónarmiðum um sérfræðiábyrgð ekki beitt í málinu.

Á stefnda hafi ekki hvílt neinar skyldur persónulega við stefnanda

Stefndi vísar til þess að kröfur stefnanda virðist byggjast á þeirri forsendu að

stefndi hafi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við stefnanda. Það sé hins vegar ljóst að þær trúnaðarskyldur, sem stefnandi telji stefnda hafa vanrækt, hafi verið spröttar af samningssambandi stefnanda við Glitni. Á stefnda hafi ekki hvílt slíkar skyldur persónulega gagnvart stefnanda, enda hafi hann aðeins sinnt málefnum félagsins vegna starfs síns. Þegar af þeirri ástæðu verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Millifærslan hafi fallið innan prókúruumboðs Kristins Björnssonar

Millifærslan 20. janúar 2005 hafi farið fram að beiðni Kristins Björnssonar sem hafi bæði verið stjórnarmaður og prókúruhafi stefnanda og jafnframt haft sérstakt umboð frá stjórn og eigendum til að sjá um málefni félagsins. Hann hafi enn fremur haft stöðuumboð, enda hafi hann verið sá sem kom fram fyrir hönd stefnanda gagnvart Glitni. Taka megi fram að faðir núverandi eiganda stefnanda, Gunnar Sch. Thorsteinson, hafi einnig haft prókúru hjá félaginu.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð hafi sá sem hafi verið veitt umboð, sem sé berum orðum kallað prókúra, vald til þess fyrir umbjóðanda sinn að annast allt það, er snerti rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó megi prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð. Ljóst sé að millifærsla fjár af reikningum félags falli almennt undir umboð prókúruhafa.

Í þessu sambandi byggi stefndi á því að hvorki fjármálafyrirtækjum né starfsmönnum þeirra sé skylt að kanna hvort tiltekin millifærsla af reikningi falli innan umboðs skráðs prókúruhafa. Þannig verði félög að bera áhættuna af háttsemi þeirra sem þau veita prókúru. Hvorki Glitnir né stefndi Birkir hafi því brotið gegn skyldum við stefnanda með því að framfylgja fyrirmælum prókúruhafa stefnanda um milli-færslu af reikningum þess.

Stefndi byggi jafnframt á því að millifærslan hafi fallið innan prókúruumboðs Kristins. Í 2. gr. samþykktar stefnanda sé tekið fram að tilgangur félagsins væri m.a. lánastarfsemi. Fjárhæðin hafi aðeins verið lítil hluti af eignum félagsins og hún því verið innan þess prókúruumboðs sem stefnandi hafði veitt Kristni.

Af framangreindu leiði að háttsemi stefnda hafi hvorki verið sagnæm né ólögmet og því verði að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Millifærslan 20. janúar 2005 hafi ekki verið í andstöðu við lög

Stefnandi fullyrði að millifærslan hafi falið í sér lánveitingu sem hafi verið óheimil samkvæmt lögum. Stefnandi fjalli ekki nánar um hvers vegna hann telji lánveitinguna ólögmeta. Þessi málsástæða hans sé því vanreifuð.

Stefndi byggi hins vegar á því að ekkert í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, né öðrum lögum banni að einkahlutafélag láni öðru einkahlutafélagi fé, jafnvel

Þótt hið síðarnefnda sé í eigu hluthafa í fyrrnefnda félaginu. Þannig taki ákvæði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 eingöngu til hluthafans sjálfs en ekki til félaga í hans eigu. Í öllu falli verði sú skylda ekki lögð á starfsmenn fjármálafyrirtækja að kanna lögmæti allra millifærslna sem óskað er eftir af hálfu prókúruhafa viðskiptavina þeirra. Þannig kanni gjaldkeri ekki lögmæti millifærslna sem viðskiptavinur óski eftir í útibúi. Þá sé ekki farið yfir millifærslur sem prókúruhafar framkvæmi í heimabanka.

Milliganga stefnda í samræmi við starfsskyldur hans

Stefndi Birkir byggir á því að liðsinni hans við að koma beiðni prókúruhafa reiknings um millifærslu til aðila innan bankans sem hafði heimild til að framkvæma slíka millifærslu hafi verið hluti af starfsskyldum stefnda. Hefði hann ekki komið beiðninni áfram réttar boðleiðir innan bankans hefði hann brotið gegn lögmætum og umsömdum starfsskyldum sínum. Það hefði getað kostað hann starfsmissi að hafna slíkri millifærslu. Að verða við slíkri beiðni prókúruhafa bankareiknings geti aldrei talist skaðabótaskyld háttsemi. Það hefði aftur á móti getað talist bótaskyld háttsemi hefði stefndi hafnað millifærslunni og Kristinn af þeirri ástæðu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni í formi vaxta og kostnaðar, enda hafi Kristinn haft heimild til þess að óska eftir millifærslunni.

Skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu ekki uppfyllt

Stefndi byggir á því að ekki séu orsakatengsl milli millifærslunnar og þess tjóns sem stefnandi telji sig hafa orðið fyrir. Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar sé skaðabótaskylda ekki fyrir hendi nema orsakatengsl séu á milli tiltekinnar háttsemi og alls þess tjóns sem tjónþolinn verði fyrir. Stefndi byggir á því að þetta skilyrði skaðabótaskyldu sé ekki uppfyllt í málinu.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að lánið hafi ekki verið endurgreitt. Stefndi Birkir byggir hins vegar á því að þetta ætlaða tjón stefnanda hafi ekki komið til vegna háttsemi stefnda. Nánar tiltekið byggir stefndi á því að ætlað tjón stefnanda verði ekki rakið til aðgerða stefnda heldur til þess að stefnandi gætti ekki hagsmuna sinna á fullnægjandi hátt eftir að millifærslan fór fram. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að innheimta kröfuna á hendur Mercatura ehf. á þeim áratug sem leið áður en félagið fór í þrot og beita þeim réttarfarsúrræðum sem honum stóðu til boða. Samkvæmt ársreikningum félagsins hafi það átt nægar eignir til að endurgreiða þessa fjárhæð. Ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að slík innheimta hafi yfir höfuð verið reynd. Ætlað tjón stefnanda verði því rakið til aðgerðarleysis félagsins sjálfs en ekki til háttsemi stefnda. Annað sé ósannað eða í það minnsta vanreifað.

Stefndi byggir jafnframt á því að ætlað tjón stefnanda hafi ekki verið sennileg afleiðing af háttsemi stefnda. Þannig byggir stefndi á því að það hafi ekki verið fyrir-

sjáanleg afleiðing af háttseminni að ekki yrði hægt að innheimta lánið hjá Mercatura ehf., enda hafi félagið átt nægar eignir til að standa undir slíkri skuldbindingu. Í það minnsta hafi stefnandi ekki sýnt fram á annað og verði hann að bera sönnunarbyrðina fyrir því í málinu. Stefndi byggi einnig á því að það yrði hvorki sanngjarnt né eðlilegt að gera stefnda ábyrgan fyrir ætluðu tjóni stefnanda sem eigi rætur að rekja til þess að stefnandi gætti ekki hagsmuna sinna á fullnægjandi hátt í kjölfar millifærslunnar.

Þar eð skilyrðin um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu ekki uppfyllt verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Ætlað tjón stefnanda sé ósannað

Stefndi Birkir bendi á að á stefnanda hvíli sönnunarbyrðin fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi og um fjárhæð tjóns síns en þá byrði hafi stefnandi ekki axlað. Þannig liggi ekki fyrir að einhver skuld sé til staðar. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda. Ekkert hafi heldur verið lagt fram sem styðji það að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna millifærslunnar eða hver fjárhæð tjónsins hafi verið í raun. Þá hafi engin gögn verið lögð fram um innheimtutilraunir stefnanda á hendur skuldara eða hvort greitt hafi verið inn á skuldina eða hún greidd upp. Í því sambandi byggi stefndi á því að fjölmargar greiðslur hafi verið inntar af hendi á milli félaganna eftir millifærsluna og ósannað sé að þær hafi ekki verið notaðar til að endurgreiða lánið. Stefnandi verði að bera sönnunarbyrðina hvað það varðar enda eigi stefndi ekki nokkurn kost að afla sönnunargagna um innri málefni stefnanda.

Stefndi bendi einnig á að núverandi eigandi hafi ekki tapað neinu sjálfur vegna millifærslunnar. Hann hafi keypt hluti í stefnanda til þess eins að leita uppi mögulegar kröfur, m.a. þá sem hann geri í þessu máli vegna millifærslu sem hafi farið fram fyrir 18 árum. Kaupverð hlutanna hafi numið 1.500.000 kr. en skaðabótakröfur stefnanda nemi margfeldi þeirrar fjárhæðar. Þetta verði að hafa í huga til að setja ágreiningsefni málsins í samhengi, enda ljóst að þessi staðreynd takmarki mögulegar kröfur og réttindi sem stefnandi geti haft uppi í þessu máli sem og öðrum.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga

Verði ekki fallist á framangreint byggi stefndi Birkir á því að fella beri bótaábyrgð hans niður á grundvelli 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga. Eins og rakið hafi verið hafi hann einungis látið framfylgja fyrirmælum frá stjórnarmanni og prókúruhafa stefnanda um millifærslu af reikningum félagsins. Þessa greiðslu hefði allt eins verið hægt að greiða í heimabanka félagsins. Það sé því sanngjarnt, þegar litið sé til sakar, stöðu stefnda og atvika að öðru leyti, að fella skaðabótaábyrgð stefnda niður. Í öllu falli verði að skera ábyrgð hans verulega niður á þessum grunni.

Dráttarvextir

Kröfu um dráttarvexti er hafnað frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi enda liggi ekki fyrir fyrr en þá hvort stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda og hvort vanefndir verði á greiðslu sem heimili að dráttarvextir séu reiknaðir.

Málskostnaður

Stefndi krefjist málskostnaðar úr hendi stefnanda, sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Hann krefjist þess að auki að stefnanda verði gert að greiða álag á málskostnað á grundvelli 2. mgr. 131. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 131. gr. laganna. Samkvæmt þeim ákvæðum sé heimilt að dæma aðila til að greiða álag á málskostnað geri stefnandi kröfu sem hann vissi eða mátti vita að væri haldlaus. Eins og rakið hafi verið séu kröfur á hendur stefnda með öllu haldlausar og augljóslega fyrndar. Þá hafi stefnandi haft uppi staðhæfingar um að stefndi hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi án nokkurs tilefnis. Því verði að fallast á kröfur stefnda um að stefnanda verði gert að greiða honum álag á málskostnað.

Málsástæður og lagarök stefndu PricewaterhouseCoopers ehf. og Stefáns Bergssonar Almennt

Stefndu hafna því alfarið að hafa valdið stefnanda tjóni. Stefnanda beri að sanna orsök tjóns síns og umfang þess en hafi hvorugt sannað. Stefnu mótmæli því harðlega að hafa sem sérfræðingar á sviði reikningshalds og endurskoðunar sýnt af sér sagnæma og ólögmdæta háttsemi við færslu bókhalds, reikningsskil eða endurskoðun stefnanda eða brugðist samningsskyldum sínum.

Stefnandi fullyrði að stefndu hafi tekið þátt í skipulögðum blekkingum gagnvart stefnanda. Fullyrðingarnar styðjast ekki við nein rök og mótmæli stefndu þeim harðlega. Þeir mótmæli því enn fremur harðlega að hafa brotið gegn starfs- og trúnaðarskyldum sínum við stefnanda á nokkurn hátt. Þá hafni þeir því að hafa nokkru sinni haldið upplýsingum leyndum frá fyrirsvarsmönnum stefnanda, hvorki í tengslum við umþætta millifærslu né aðra gerninga. Þvert á móti hafi stefndu ætíð sinnt störfum sínum af fagmennsku og í góðu samstarfi við fyrirsvarsmenn og eigendur stefnanda.

Endurskoðun

Stefndu hafi hagað störfum sínum við endurskoðun reikninga stefnanda að öllu leyti í samræmi við lög nr. 18/1997 um endurskoðendur og lög nr. 144/1994 um ársreikninga, síðar endurútfengin lög nr. 3/2006.

Í III. kafla laga nr. 18/1997 sé kveðið á um störf endurskoðenda. Stefnu byggja á því að endurskoðunin hafi í hvívetna verið í samræmi við þau lög og þær

reglur sem gilda um endurskoðun. Störf stefndu hafi uppfyllt allar þær skyldur og kvaðir sem þar sé kveðið á um og hafi verið rækt af kostgæfni og samviskusemi. Á sama hátt hafi skyldur endurskoðanda samkvæmt lögum um ársreikninga verið uppfylltar að öllu leyti, sbr. IX. kafla laga nr. 3/2006, áður lög nr. 144/1994. Í þágildandi 2. mgr. 101. gr. þeirra laga hafi verið kveðið svo á að endurskoðendur skyldu endurskoða ársreikning í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti varðandi rekstur þess og stöðu. Í því felist ekki að allar færslur bókhalds félags séu yfirfarnar af endurskoðanda.

Stefndu leggi áherslu á að ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikninga hvíli á stjórnendum félags samkvæmt lögum um ársreikninga, lögum og settum reikningskilareglum, en ekki á endurskoðendum. Ábyrgðin hafi því hvílt á stjórnendum stefnanda sjálfs og hafi orðið misbrestur hjá stjórnendum, sem þó sé alfarið ósannað, leiði það ekki til skaðabótaskyldu stefndu.

Áritun endurskoðanda á reikningsskil þýði, nema annað komi fram af árituninni, að hann hafi endurskoðað reikningsskilin í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við reikningsskilavenju, sbr. 8. gr. laga nr. 18/1997. Ábyrgð endurskoðanda felist þannig í því áliti sem endurskoðandi láti í ljós á ársreikningum á grundvelli endurskoðunar.

Stefnandi hafi ekki með neinu móti sýnt fram á meinta skaðabótaskylda háttsemi stefndu vegna endurskoðunar á ársreikningum félagsins. Raunin sé sú að stefndi Stefán Bergsson, sem og aðrir starfsmenn stefnda PwC ehf., hafi sinnt störfum sínum fyrir stefnanda af kostgæfni og fagmennsku og í fullu samræmi við kröfur laga þar að lútandi og góða endurskoðunarvenju. Ársreikningar félagsins hafi verið endurskoðaðir í samræmi við íslensk lög og alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hafi endurskoðuninni verið hagað í samræmi við þær kröfur þannig að nægjanleg vissa væri fyrir því að ársreikningarnir væru án verulegra annmarka. Stefndu minni á að ársreikningar áranna 2007 og síðar hafi ekki verið endurskoðaðir enda hafi Glitnir banki eignast stefnanda áður en kom að endurskoðun þess árs.

Ekkert tilefni hafi verið til þess að stefndu upplýstu stjórn stefnanda sérstaklega um umþætta millifærslu eins og stefnandi byggi á. Ekki hafi verið nein ástæða til að ætla að veikleikar væru í innra eftirliti stefnanda, hvað þá að meint ólöglegt athæfi eða sviksemi hefði átt sér stað eins og stefnandi byggi á. Stefnandi sem beri sönnunarbyrði um orsök meints tjóns síns og umfang þess hafi ekki sýnt fram á hið gagnstæða.

Færsla bókhalds

Stefndu mótmæla því sérstaklega að með því að færa bókhald stefnanda og með störfum sínum fyrir Mercatura ehf. eða Kristin Björnsson hafi óhæði þeirra sem

endurskoðanda stefnanda verið ógnað eða að þeir hafi tekið fjárhagslega hagsmuni annarra aðila fram yfir hagsmuni stefnanda.

Stjórnendur félags séu ábyrgir fyrir færslu bókhalds og að fullnægt sé kröfum í lögum nr. 145/1994 um bókhald og reglugerðum settum með stoð í þeim. Bókhald stefnanda hafi verið fært á grundvelli þeirra gagna sem stjórnendur stefnanda afhentu stefndu. Það hafi verið fært eins fljótt og unnt var, þ.e. eftir að stefndu höfðu fengið nauðsynleg gögn og upplýsingar til verksins. Á grundvelli þeirra gagna hafi bókhaldið verið fært í samræmi við lög nr. 145/1994 og þær reglur sem um bókhald gilda. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á annað. Þá geti stefndu aldrei borið skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á háttsemi stjórnenda stefnanda sjálfs, jafnvel í því tilfalli að talið yrði að stefnandi hefði sýnt fram á skaðabótaskylda háttsemi af hálfu stjórnenda stefnanda sjálfs í tengslum við bókhald hans. Þjónustan sem stefndu veittu við færslu bókhalds hafi að öllu leyti verið unnin af fagmennsku og kostgæfni.

Fyrning – málshöfðunarfrestur

Stefndu byggja enn fremur á því að allar kröfur stefnanda hafi verið löngu fyrndar þegar málið var höfðað með birtingu stefnu 18. júní 2021.

Stefndu vísa í fyrsta lagi til þágildandi 110. gr., sbr. 108. og 109. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar hafi verið kveðið á um að skaðabótamál á grundvelli 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum skuli höfða innan tveggja ára frá því að endurskoðun hafi lokið og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing lögð fram. Stefnandi telji kröfu sína hafa stofnast 20. janúar 2005. Ljóst sé að endurskoðun vegna ársins 2005 hafi verið lokið eigi síðar en ársreikningur var afhentur ríkisskattstjóra 9. nóvember 2006 og var málshöfðunarfresturinn því liðinn 9. nóvember 2008.

Stefndu vísa auk þessa til ákvæða laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda sem taki til skaðabótakrafna sem stofnuðust fyrir 1. janúar 2008. Samkvæmt 3. gr. þeirra hafi kröfur innan samninga fyrnst á fjórum árum og kröfur um skaðabætur utan samninga á 10 árum, sbr. 2. tölulið 4. gr. sömu laga. Því sé hafið yfir allan vafa að kröfur stefnanda á hendur stefndu séu fyrndar.

Tilvísun stefnanda til ákvæðis 7. gr. laga nr. 14/1905 því til stuðnings að kröfur stefnanda séu ófyrndar er vísað á bug. Því fari víðs fjarri að stefndu hafi haft í frammi svíksamlega háttsemi á nokkurn hátt eða vanrækt að skýra frá atvikum og því eigi ákvæðið ekki við. Af þessu tilefni bendi stefndu einnig á það að í 108. gr. laga nr. 3/2006 sé sérstaklega kveðið á um að endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra sé óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

Verði þrátt fyrir framangreint talið að stefnandi eigi skaðabótakröfu á hendur

stefndu og hún hafi stofnast eftir 1. janúar 2008, þ.e. eftir að lög um fyrningu kröfu-réttinda, nr. 150/2007, tóku gildi, sé engu að síður ljóst að hún sé fyrnd. Ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 kveði á um að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða hafi borið að afla sér slíkra upplýsinga. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi, á næstliðnum fjórum árum fyrir stefnubirtingardag, fengið þær upplýsingar sem eru tilteknar í ákvæðinu. Fyrningarfrestur hafi því ekki hafist á því tímabili og því sé krafan fyrnd. Stefnu byggji á því að stefnandi hafi fengið vitneskju um atvikin í síðasta lagi þegar Glitnir keypti félagið 13. ágúst 2008.

Í öllu falli sé ljóst að verði stefnandi talinn eiga ófyrnda skaðabótakröfu á hendur stefndu hafi hún fyrir löngu fallið niður sökum tómlætis. Í íslenskum rétti gildi almenn ólögfest regla um tómlæti, en í henni felist að kröfuhafi sem aðhafist ekkert í þeim tilgangi að leita réttar síns gagnvart skuldara glati kröfu sinni vegna aðgerðar-leysis síns. Eins og fram hafi komið hafi millifærslan sem málið varðar farið fram í byrjun árs 2005. Krafa um skaðabætur hafi hins vegar ekki verið sett fram fyrr en með bréfi stefnanda 16. júlí 2020, eða rúmum 15 árum síðar. Skeytingarleysi stefnanda hafi óumdeilanlega skýr tómlætisáhrif og því verði að telja að kröfur stefnanda séu fallnar niður sökum tómlætis.

Umfang meints fjártjóns

Stefndu vísa til þess að á stefnanda hvíli sönnunarbyrðin fyrir orsök tjóns síns og umfangi þess en hana hafi hann ekki axlað. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi yfir höfuð orðið fyrir tjóni vegna umþrættrar millifærslu og enn síður hver fjárhæð þess hafi þá verið. Engin gögn liggja fyrir um það. Þvert á móti liggja fyrir að hafi einhver orðið fyrir tjóni hafi það í ljósi atvika fyrst og fremst bitnað á kröfuhöfum stefnanda en ekki stefnanda sjálfum. Stefnu telji allt framangreint sýna að sýkna beri þá af öllum kröfum stefnanda.

Varakrafa

Verði talið að stefnandi hafi sýnt fram á skaðabótakröfu og að hún sé ófyrnd krefjist stefndu þess að fjárhæð bóta verði lækkuð verulega enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á umfang tjóns síns. Stefnu mótmæli kröfu um dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Málskostnaður

Málskostnaðarkrafa stefndu byggist á 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991. Þeir vísa sérstaklega til þess að skv. 131. gr. sé heimilt að dæma aðila til að greiða álag á málskostnað geri stefnandi kröfu sem hann vissi eða mátti vita að væri haldlaus.

Þar eð kröfur á hendur stefndu séu haldlausar og augljóslega fyrndar, og þar eð stefnandi hafi án nokkurs tilefnis haft uppi staðhæfingar um að stefndu hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi, séu skilyrði 131. gr. uppfyllt.

Sjónarmið réttargæslustefnda Glitnis HoldCo ehf.

Réttargæslustefndi tekur undir rök og málsástæður stefnda Birkis. Þeim til frekari áréttingar vísar hann til eftirfarandi sjónarmiða.

Í fyrsta lagi telji réttargæslustefndi ótvírætt að allar kröfur stefnanda, hafi þær verið einhverjar, séu fyrir löngu fyrndar eða fallnar niður vegna tómlætis. Krafa stefnanda byggist á millifærslu sem megi rekja til tölvuskeytis sem Kristinn sendi stefnda Birki 10. desember 2004. Það séu því 18 ár frá því að umrætt tölvuskeyti var sent. Fyrningarfrestum krafna samkvæmt ákvæðum laga nr. 150/2007 og 14/1905, sem og meginreglum kröfuréttar um tómlætisáhrif, sé einmitt ætlað að koma í veg fyrir að mögulegt sé að koma með kröfur eftir svo langan tíma, enda þá oft nær ógerningur fyrir aðila að verjast kröfum. Mátalibúnaður stefnanda byggist til að mynda á tölvuskeytum og bankayfirlitum sem hafi verið eytt úr kerfum réttargæslustefnda fyrir mörgum árum, enda honum hvorki skylt né heimilt að geyma gögn sem séu orðin svo gömul. Réttargæslustefndi hafi því enga möguleika á að finna önnur tölvuskeyti milli umræddra aðila, Kristins og Birkis, né heldur möguleika á að sjá hvort umrætt yfirdráttarlán hafi verið greitt eða ekki.

Vegna tilvísunar stefnanda til þess að upphafsdagur fyrningarfrests miðist við vitneskju kröfuhafa um efni kröfu og tjónvald telji réttargæslustefndi augljóst að sú vitneskja miðist við félagið sjálft. Fyrir liggir að skömmu eftir skipun skilanefndar yfir réttargæslustefnda hafi sérstakt teymi, sem starfaði hjá honum, farið yfir rekstur og viðskipti stefnanda og tengdra félaga, enda hafi réttargæslustefndi þá átt stefnanda og það félag hafi verið meðal þeirra eigna sem voru kallaðar úrvinnslueignir. Einnig liggir fyrir að núverandi eigandi stefnanda hafi í fjölda ára haft vitneskju og gögn um rekstur stefnanda, þar með talið bankayfirlit stefnanda hjá réttargæslustefnda. Til að mynda hafi núverandi eigandi stefnanda, Björn Thorsteinsson, sent Hermanni Eyjólfssyni og Guðlaugi Guðmundssyni, sem voru hluti af því teymi er sá um rannsókn á málefnum stefnanda og tengdra félaga, tölvuskeyti 15. mars 2011. Í því hafi hann sérstaklega óskað eftir skýringum á greiðslum af bankareikningi stefnanda hjá réttargæslustefnda frá árinu 2007. Hafa verði í huga að þetta sé löngu áður en núverandi eigandi stefnanda keypti félagið og hafi því ekki haft lögvarða hagsmuni af því að fá gögn er snertu rekstur þess félags.

Í öðru lagi telji réttargæslustefndi ljóst að stefnandi hafi gefið eftir þau réttindi sem hann nú krefst. Það hafi verið forsenda við sölu réttargæslustefnda á hlutafé í

stefnanda að hvorki stefnandi né eigandi félagsins gæti átt nokkra kröfu á hendur réttargæslustefnda. Með því að beina skaðabótakröfu gegn fyrrverandi starfsmanni réttargæslustefnda, vegna starfa hans hjá réttargæslustefnda, beini stefnandi kröfu að réttargæslustefnda. Það sé því í andstöðu við þá forsendu sem var lögð til grundvallar og yfirlýsingu sem var gefin við umrædd kaup. Auk þess liggi fyrir að 13. ágúst 2008 hafi réttargæslustefndi keypt allt hlutfé í stefnanda á 4 kr. þannig að hver hluthafi fékk 1 kr. greiðslu. Í þeim samningi komi skýrt fram að réttargæslustefndi myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum vegna atvika sem gerst höfðu í rekstri stefnanda og að sú yfirlýsing væri bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutfé í stefnanda eða félögum innan þeirrar samstæðu. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi vitað af þessari yfirlýsingu og eftirgjöf réttinda þegar hann keypti hlutfé í stefnanda í ágúst 2016. Því sé einsýnt að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda, enda kröfugerð hans þannig sett fram að öllum fjórum aðilum, þar með talið ekkju Kristins Björnssonar, sem var einn seljenda samkvæmt framangreindum samningi, beri að greiða dómkröfuna óskipt (in solidum). Kröfugerðin nái því ekki fram að ganga vegna fyrrgreinds samkomulags sem stefnandi og eigandi stefnanda sé bundinn við.

Í þriðja lagi telji réttargæslustefndi að kröfugerð stefnanda sé með öllu vanreifufð um saknæma háttsemi stefnda Birkis, orsakatengsl, sennilega afleiðingu og tjón stefnanda. Af almennum reglum skaðabótaréttar um sönnun leiði að sönnunarbyrðin liggi óskipt hjá stefnanda um þá þætti og engin efni séu til að víkja frá þeim reglum í málinu. Í sambandi við tjón stefnanda telur réttargæslustefndi rétt að benda á þá staðreynd að fyrirsvarsmaður stefnanda keypti allt hlutfé í stefnanda á 1.500.000 kr., vitandi um þær takmarkanir sem væru á réttindum félagsins gagnvart réttargæslustefnda og fyrrverandi hluthöfum félagsins sem og þá rannsókn sem þegar hafði farið fram á félaginu. Eigandi stefnanda og stefnandi geti því ekki öðlast betri rétt, í vondri trú.

Réttargæslustefndi telji því að sýnt sé fram á og sannað að enginn grundvöllur sé fyrir kröfugerð stefnanda, ekki einungis vegna fyrningar, tómlætis og eftirgjafar réttinda, heldur einnig þar sem skilyrði skaðabótaréttar séu ekki uppfyllt. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda Birki Kristinsson af öllum kröfum stefnanda.

Réttargæslustefndi taki að öðru leyti undir öll þau rök og málsástæður stefndu fyrir sýknu, að því leyti að það geti átt við um hann.

Niðurstaða

Stefnandi, félagið Lyfjablóm ehf., áður Björn Hallgrímsson ehf., höfðar þetta mál til þess að fá greiddar skaðabætur fyrir tjón sem félagið telur sig hafa hlotið við það að millifærðar voru 46.000.000 kr. af reikningi þess 20. janúar 2005 inn á reikning félagsins Mercatura ehf.

Því aðeins er unnt að fá dæmdar skaðabætur fyrir verknað að verknaðurinn hafi valdið tjóni. Af þeim sökum þarf fyrst af öllu að ganga úr skugga um hvort stefnandi hafi sýnt fram á fjártjón en stefndu hafna því að sönnun þess liggja fyrir.

Það er óumdeilt að 46.000.000 kr. voru millifærðar af reikningi stefnanda 20. janúar 2005 yfir á reikning Mercatura ehf. Þetta fé telur stefnandi að hafi ekki verið endurgreitt og hafi möguleikinn til að fá það endurgreitt glatast þegar félagið Mercatura ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 2015 en engar eignir reyndust vera í þrotabúinu.

Eigendur Björns Hallgrímssonar ehf. voru fjögur börn stofnandans. Hvert þeirra um sig átti sinn fjórðung í félaginu og þau sátu jafnframt öll í stjórn þess.

Eins og greinir í lýsingu málavaxta er meðal gagna málsins fundargerð stjórnar stefnanda, dags. 5. júlí 2007. Það er óumdeilt að hún var ekki rituð þann dag en allir stjórnarmenn og hluthafar í stefnanda, systkinin fjögur, rituðu undir hana. Samkvæmt henni samþykktu þau öll að selja stefnanda, þ.e. félaginu Birni Hallgrímssyni ehf., 10% af heildarhlutafé hluthafanna í félaginu sem nam 6.000.000 kr. að nafnverði. Bókað var í fundargerð að fundarmenn væru sammála um að 1.620.000.000 kr. væri ekki of hátt verð fyrir þetta hlutafé.

Meðal gagna málsins er einnig uppgjörsblað þar sem gerð er grein fyrir því hvernig félagið greiddi hluthöfunum þessar 1.620.000.000 kr. Þetta sundurliðunarblað er ekki dagsett en það mun óumdeilt að stefndi Stefán Bergsson endurskoðandi samdi það. Samkvæmt því greiddi félagið hluthöfunum kaupverðið annars vegar með reiðufé (17. júlí 2007) og hins vegar með því að gerðar voru upp ýmsar kröfur sem félagið átti útistandandi. Ein þeirra nemur 46.000.000 kr. og er hún skýrð þannig: „KB. Til fjárfestinga frá BH“.

Undir rekstri málsins var aflað upplýsinga úr bókhaldi stefnanda. Þær færa einnig sönnur á að stefnandi hafi greitt hluthöfunum fjórum fyrir hlutabréfin að hluta til með því að fella niður kröfur sem félagið átti á hendur hluthöfunum eða fólki og félögum tengdum þeim. Þessar kröfur samsvöruðu um 200.000.000 kr. Meðal þeirra er krafa stefnanda á hendur Mercatura ehf. sem nam 46.000.000 kr. Bókhaldsgögn stefnanda vegna ársins 2007 bera með sér að Mercatura ehf. hafi gert upp viðskiptareikning sinn hjá stefnanda árið 2007 að fjárhæð tæplega 48.000.000 kr. Í þeirri fjárhæð eru meðtaldar 46.000.000 kr. sem voru millifærðar 20. janúar 2005 og voru færðar á viðskiptareikning Mercatura ehf. í bókhaldi stefnanda. Samkvæmt bókhaldsgögnum stefnanda, sem stefnandi lagði sjálfur fram, var engin viðskiptastaða milli stefnanda og Mercatura ehf. í lok árs 2007.

Lögð hafa verið fram fylgiskjöl um kaup og sölu hlutabréfa sem fylgdu skattframtölum tveggja hluthafa í félaginu fyrir skattárið 2007. Þau sýna að hvor hluthafinn um sig seldi félaginu það ár 10% hlutafjár síns í félaginu og hvor um sig fékk af því

söluhagnað sem nam 403.500.000 kr. Ekki er deilt um það að stefndi Stefán Bergsson vann þessi framtöl.

Eins og fram er komið var móðir núverandi fyrirvarsmanns stefnanda, Áslaug Björnsdóttir, einnig hluthafi í félaginu og átti jafnan hlut á við systkini sín. Hún bar fyrir dómi að Stefán Bergsson hefði einnig gert skattframtal hennar fyrir skattárið 2007. Gerði hún ráð fyrir því að færslur sem vörðuðu stefnanda hefðu verið eins í skattframtali hennar og systkina hennar.

Í samræmi við það sem framlögð skattframtöl sýna telur dómurinn rétt að leggja til grundvallar að hvert systkini hafi árið 2007 fengið frá félaginu Birni Hallgrímssyni ehf. 405.000.000 kr. greiðslu, eða 1.620.000.000 kr. samanlagt. Hluti af þeirri fjárhæð, 200.000.000 kr., fólst í niðurfellingu ýmissa krafna sem félagið átti á hendur hluthöfunum eða fólki og félögum tengdum þeim. Eins og rakið hefur verið sýna framlögð gögn að þar á meðal er 46.000.000 kr. skuld Mercatura ehf. við Björn Hallgrímsson ehf.

Að mati dómsins sýna gögn málsins því nægjanlega fram á að skuld Mercatura ehf. við stefnanda sem nam 46.000.000 kr. og var millifærð á reikning þess af reikningi stefnanda 20. janúar 2005 hafi verið gerð upp á þennan hátt, þ.e. með skuldajöfnun. Þetta mátti þeim sem sátu í stjórn félagsins á þeim tíma vera ljóst. Dómurinn fær því ekki séð að stefnandi hafi sýnt fram á fjártjón af þeim verknaði sem þetta mál er sprottið af.

Þar eð ekki hefur verið sýnt fram á það grundvallarskilyrði skaðabótaréttar að tjón hafi hlotist af verknaði verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna alla stefndu af kröfu stefnanda. Af þeim sökum er ekki ástæða til þess að fjalla frekar um aðrar málsástæður stefnanda.

Vegna þessara málsúrslita og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað. Að teknu tilliti til umfangs málsins þykir málskostnaður hvors stefnda um sig Birkis og Sólveigar hæfilega ákveðinn 3.480.000 kr. og er virðisaukaskattur á málflutningsþóknun innifalinn í fjárhæðinni. Málflutningsþóknun stefnda Stefáns Bergssonar þykir hæfilega ákveðin 1.740.000 kr. og sem fyrr er virðisaukaskattur meðtalinn í fjárhæðinni. Málflutningsþóknun stefnda PricewaterhouseCoopers ehf. þykir hæfilega ákveðin 1.400.000 kr. en félagið, sem rekur virðisaukaskattsskylda starfsemi, á ekki rétt á virðisaukaskatti á þóknunina.

Réttargæslustefndi, Glitnir HoldCo ehf., ákvað að tilhlutan stefnda Birkis að láta málið til sín taka. Því þykir rétt að réttargæslustefndi beri sjálfur sinn kostnað af málinu.

Allir stefndu krefjast álags á málskostnað með vísan til a- og c-liða 1. mgr., sbr. 2. mgr., 131. gr. laga nr. 91/1991. Þar eð þau gögn sem niðurstaðan réðst af voru

ekki lögð fram fyrir en eftir að málið var höfðað og endanleg þýðing þeirra varð ljós við aðalmeðferð þykir ekki tilefni til þess að beita þessum ákvæðum.

Ingiríður Lúðvíksdóttir og Þorsteinn Magnússon héraðsdómarar og Eymundur Sveinn Einarsson, löggiltur endurskoðandi, kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Birkir Kristinsson, Stefán Bergsson, PricewaterhouseCoopers ehf. og Sólveig Guðrún Pétursdóttir, eru sýkn af kröfu stefnanda, Lyfjablóms ehf.

Stefnandi greiði stefndu Birki og Sólveigu Guðrúnu hvoru um sig 3.480.000 kr. í málskostnað. Stefnandi greiði stefnda Stefáni 1.740.000 kr. og stefnda PricewaterhouseCoopers ehf. 1.400.000 kr. í málskostnað.

Réttargæslustefndi, Glitnir HoldCo ehf., ber sjálfur sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir
Þorsteinn Magnússon
Eymundur Sveinn Einarsson

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur 2. febrúar 2023